



**ÁRSSKÝRSLA  
MENNTASVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR 2006**



## **Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2006**

Gefin út í júní 2007.

Ábyrgð: Ragnhildur E. Bjarnadóttir sviðsstjóri Leikskólasviðs og Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri.

Töflur og myndir: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.

Uppsetning og hönnun: Ragnhildur Ragnarsdóttir.

Prentun: Prentsmiðjan Gutenberg ehf.

ISSN 1670-6951

### **Helstu heimildir**

Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs og Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007.

Fundargerðir menntaráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna.

Fyrri ársskýrslur.

Fréttatilkynningar og heimasíða sviðanna [www.rvk.is/menntasvid](http://www.rvk.is/menntasvid).

### **Ljósmyndir**

Marteinn Sigurgeirsson, Laura Bergs, Sigrún Björnsdóttir, Alda Sverrisdóttir, Bára Kristinsdóttir, Björg Vigfúsdóttir og Edda Ýr Garðarsdóttir.

# EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns menntaráðs	5
Formáli	7
<b>1. Leikskólaráð Reykjavíkurborgar</b>	<b>8</b>
Fulltrúar	8
Stefnumörkun	9
Eftirlit	9
Samþykkt fyrir leikskólaráð Reykjavíkurborgar	10
<b>2. Menntaráð Reykjavíkurborgar</b>	<b>13</b>
Fulltrúar	13
Stefnumörkun	14
Eftirlit	16
Samþykkt fyrir menntaráð Reykjavíkurborgar	17
<b>3. Menntasvið - helstu verkefni</b>	<b>20</b>
Skipulagsbreytingar	20
Starfsáætlun	20
Aðalskrifstofa	21
Skrifstofa sviðsstjóra	21
Námsflokkar Reykjavíkur	21
Tónlistarfulltrúi	22
Sérkennslufulltrúi	22
Leikskólaskrifstofa	22
Grunnskólaskrifstofa	23
Fjármálastjórnun	24
Starfsmannþjónusta	25
Upplýsingatæknipjónusta	25
Erlend samskipti	26
Ráðstefnur og viðburðir	27
Nýir skólar, viðbyggingar og skóflustungur	29
<b>4. Skólastarf í tölum</b>	<b>30</b>
Leikskólar	30
Daggæsla barna í heimahúsum	33
Grunnskólar	34
Starfsmenn og starfsþróun	38
<b>5. Starfsemi leikskóla</b>	<b>41</b>
Stefnumörkun og framkvæmd	42
Kannanir og þróunarverkefni	43
Samráð við leikskólustjóra	44
Dagforeldrar	45
<b>6. Starfsemi grunnskóla</b>	<b>46</b>
Stefnumörkun og framkvæmd	46
Kannanir og rannsóknir	50
Samráð við skólustjóra grunnskóla	51
<b>7. Tónlistarnám og félagsleg menntastefna</b>	<b>52</b>
Skólahljómsveitir	52
Tónlistarskólar	53
Fullorðinsfræðsla	55
<b>8. Verðlaun og styrkir</b>	<b>56</b>
Hvatningarverðlaun grunnskóla	58
Hvatningarverðlaun leikskóla	58
Nemendaverðlaun	58
Barnabókarverðlaun	59
Umgenngisverðlaun	59
<b>9. Ársreikningur menntamála í Reykjavík 2006</b>	<b>60</b>
<b>10. Útgáfur árið 2006</b>	<b>66</b>
<b>11. Leik- og grunnskólar borgarinnar - yfirlit</b>	<b>68</b>



## ÁVARP FORMANNS MENNTARÁÐS



Við tölum gjarnan um samfélagslega ábyrgð á hátíðlegum stundum. Við hvetjum samborgara okkar til að sýna samfélagslega ábyrgð af því að okkur grunar að samkenndin sé ekki alltaf jafn sterk á borði og í orði. En er það sanngjarnt? Skoðanakannanir í aðdraganda nýafstaðinna þingkosninga sýna að þau málefni sem kjósendum eru hugleiknust snúast einmitt um samfélagslega ábyrgð. Þeir telja velferðarmálin mikilvægust og fast á eftir koma menntamálin. Þetta er trúverðug niðurstaða. Ef við leitum að forgangsmálum í eigin brjósti býst ég við að flest okkar telji heilsu, hamingju og menntun barna okkar mikilvægust. Menntamálin eru víðamesti málaflökkurinn sem Reykjavíkurborg sinnir. Rúmlega önnur hver útsvarskróna sem greidd er í borgarsjóð rennur til menntamála.

Grundvallarhagsmunir atvinnulífs liggja í þéttriðnu og kraftmiklu menntakerfi. Þess vegna taka fulltrúar atvinnulífsins þátt í að móta nýja menntastefnu sem byggir á viðtæku samráði allra sem koma að skólamállum. Stórir hópar af ólíkum toga hafa þegar lagt inn stórgóðar hugmyndir í þann pott sem menntaráð er að hræra í og mun von bráðar matreiða fyrir borgarbúa. Ekki er ofsögum sagt að menntun er málaflökkur sem varðar okkur öll, enda þekkjum við hann öll að einhverju marki af eigin raun. Í grunn- og leikskólum borgarinnar eru um 21.000 börn sem munu innan fárra ára starfa á öllum sviðum samfélagsins með þá menntun sem við höfum boðið þeim í veganesti. Það er því mikil ábyrgð sem á okkur hvílir.

Oft má lesa í viðtölum ýmsar sérkennilegar skýringar á því að íslenskt viðskiptalíf er í stöðugri, og að því er virðist, óstöðvandi sókn bæði hérlendis og á erlendum mörkuðum. Einna helst er þessu svarað í hálfkæringi og reynt að leita ástæðna í skapferli forferða okkar, víkinganna, sem kunnu ekki að hræðast ógnanir. Það er svo sem ágætt svar en ljóst má vera að árangur á hörðum samkeppnismarkaði vinnst ekki nema með þekkingu og undirbúningi sem byggir á haldgóðri menntun.

Og svo aftur að samfélagslegri ábyrgð. Fyrir nokkrum árum var ljóst í borginni Minneapolis í Minnesota í Bandaríkjunum að leggja þyrfti aukna áherslu á menntamálin sem höfðu dregist aftur úr. Því þyrfti að byggja upp skólakerfið en peningana skorti. Borgarstjórnin lagði þess vegna fyrir kjósendur í opnum kosningum að skera úr um hvort þeir væru tilbúnir til þess að hækka fasteignaskatta í þeim tilgangi að efla menntun barna og unglinga. Þarna sýndu borgarbúar í Minneapolis samfélagslega ábyrgð og skattahækkun var samþykkt enda átti að vera tryggt að aukið framlag borgarbúa rynni einvörðungu í þennan mikilvæga málaflökk. Þetta tókst svo vel að nú þykja skólamálin í Minneapolis til fyrirmyndar. Engar slíkar heimildir eru í íslenskri löggjöf og ekki lagt til að fara þessa leið hérlendis. Hins vegar er á þetta bent til að undirstrika að áhugi á menntun barna okkar takmarkast ekki við landamæri eða tiltekinn hóp fólks.

Menntun er sjálfsögð mannréttindi sem enginn má fara varhluta af. Á sama tíma og menntun er hluti persónulegra lífsgæða er hún forsenda efnahagslegrar afkomu þjóðar og undirstaða velgengni hennar í framtíðinni.



## FORMÁLI

Menntasvið, sem starfaði frá miðju ári 2005 að stjórnýsly tveggja fyrstu skólastiganna, starfaði óskipt fram að sveitarstjórnarkosningum í maí 2006 er nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við. Á fundi borgarstjórnar 13. júní 2006 var Júlíus Vífill Ingvarsson kjörinn formaður menntaráðs sem kom saman til fyrsta fundar 22. júní.

Síðsumars 2006 samþykkti borgarráð að skipta Menntasviði upp og stofna til nýs Leikskólasviðs til að sjá um stjórnýsly fyrsta skólastigsins. Samþykktir fyrir menntaráð og leikskólaráð voru staðfestar af borgarráði 17. ágúst 2006. Á fundi borgarstjórnar 5. september var Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir kosin formaður leikskólaráðs.

Nýtt leikskólaráð hélt sinn fyrsta fund 22. september og fundaði átta sinnum á árinu. Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sem var aðstoðarsviðsstjóri á Menntasviði, tók við embætti sviðsstjóra Leikskólasviðs 1. nóvember og nýtt Leikskólasvið tók til starfa 1. janúar 2007.

Þar sem ofangreindar stjórnýslyubreytingar voru gerðar tiltölulega seint á árinu var ákveðið að starfsáætlun fyrir árið 2007 skyldi vera sameiginleg fyrir bæði sviðin. Stefnumótunarhópur beggja sviða starfaði á haustmánuðum og lauk vinnu við stefnu og starfsáætlun rétt fyrir áramót. Jafnframt hóf störf sameiginlegur starfshópur beggja fagráða sem fékk það verkefni að endurskoða menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Skipting Menntasviðsins var undirbúin með ýmsum hætti undir lok ársins, t.d. þurfti að skipta aðalskrifstofu Menntasviðs að Fríkirkjuvegi 1 upp og flytja starfsmenn í nýjar starfsstöðvar í húsinu.

Í árslok 2006 sagði Gerður G. Óskarsdóttir sviðsstjóri Menntasviðs starfi sínu lausu eftir tíu ára farsælt starf. Framlag hennar til fræðslumála í Reykjavík er mikið, svo og til rannsóknar á sviði menntunar. Gerði er þakkað óeigingjarnt starf í þágu reykvískra barna og unglunga um árabíl.

# 1. LEIKSKÓLARÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Tillaga að samþykkt fyrir leikskólaráð Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði 17. ágúst 2006. Þar segir m.a. um verksvið ráðsins:

*Leikskólaráð mótar stefnu í menntamálum og öðrum málefnum barna á leikskólaaldri í Reykjavík og þjónustu við foreldra þeirra, m.a. um leikskóla, daggæslu, leik- og gæsluvelli. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í menntamálum barna á leikskólaaldri sé fylgt og fylgist með gæðum þess skólustarfs og annars starfs sem fram fer á verksviði þess.*

Þá var einnig samþykkt að stofna nýtt svið, Leikskólasvið Reykjavíkurborgar, í byrjun árs 2007, en Menntasvið skyldi annast stjórnslu leikskólaráðs fram að þeim tíma.

## Fulltrúar

Frá 15. september 2006 sátu 7 fulltrúar kosnir af borgarstjórn í leikskólaráði.

Fulltrúi F-lista sat fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Leikskólastjórar, starfsmenn í leikskólum og *Börnin okkar*, samtök foreldrafélaga í leikskólum áttu einnig áheyrnarfulltrúa á fundum leikskólaráðs. Sviðsstjórar Menntasviðs og Leikskólasviðs, skrifstofustjóri leikskóla-skrifstofu, fjármálastjóri og starfsmannastjóri sátu fundi ráðsins, auk ritara leikskólaráðs.



## Aðalmenn:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður  
Áslaug Friðriksdóttir  
Helena Ólafsdóttir/Ingvar Mar Jónsson (frá okt. 2006)  
Anna Margrét Ólafsdóttir/Fanný Gunnarsdóttir (frá okt. 2006)  
Oddný Sturludóttir  
Sigrún Elsa Smáradóttir  
Svandís Svavarsdóttir

## Varamenn:

Guðrún Pálína Ólafsdóttir  
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson  
Kristín Edda Guðmundsdóttir  
Fanney Finnsdóttir  
Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir  
Dófri Hermannsson  
Helga Björg Ragnarsdóttir

## Áheyrnarfulltrúar:

Anna Sigríður Ólafsdóttir, f.h. F-lista  
Ingibjörg Kristleifsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra  
Hulda Björk Valgarðsdóttir, fulltrúi starfsmanna í leikskólum  
Svanhildur Eva Stefánsdóttir, fulltrúi samtakanna *Börnin okkar*



## Stefnumörkun

Haldnir voru átta fundir í leikskólaráði á árinu 2006.

Ráðið markaði stefnu um eftirtalda þætti:



- Á fyrsta fundi leikskólaráðs 22. september var samþykkt að stofna til hvatningarverðlauna leikskólaráðs. Markmið þeirra er að veita leikskólum í Reykjavík hvatningu, vekja athygli á því gróskumikla starfi sem fram fer í leikskólum Reykjavíkur og stuðla að aukinni nýbreytni og þróunarstarfi.
- Menntamálaráðuneytið óskaði eftir afstöðu menntaráðs vegna heildarendurskoðunar laga um leikskóla. Erindinu var vísað til leikskólaráðs sem samþykkti í október umsögn til nefndar um endurskoðun laga um leikskóla.
- Á fundi sínum í október samþykkti leikskólaráð stofnun starfshóps um fjölgun fagfólks í leikskólum borgarinnar. Hlutverk hópsins er að leita leiða til að laða að starfsfólk, auka stöðugleika í starfsmannahaldi og efla fagþekkingu í leikskólum Reykjavíkurborgar.
- Leikskólaráð samþykkti að fela starfshópi, sem m.a. hefur það verkefni að skoða aðkomu leikskólanna að *Rafrænni Reykjavík*, að kanna möguleika á því að halda utan um skráningu hjá dagforeldrum.
- Á fundi leikskólaráðs í október var samþykkt að leggja til við borgarráð að niðurgreiðslur til dagforeldra og sjálfstætt starfandi leikskóla yrðu hækkaðar.
- Leikskólaráð samþykkti í nóvember að haldinn yrði árlegur starfsdagur fyrir dagforeldra.
- Á fundi leikskólaráðs í desember var fjallað um sumarleyfi í leikskólum Reykjavíkurborgar 2007. Þá var samþykkt að leikskólar loki í tvær vikur samfellt, en þó verði einn leikskóli opinn allt sumarið í hverju hverfi borgarinnar.
- Í lok árs samþykkti leikskólaráð tillögu um öryggismál í leikskólum. Þar er m.a. lagt til að öryggisnefnd Leikskólasviðs geri leikskólaráði tvisvar á ári grein fyrir stöðu öryggismála í leikskólum borgarinnar. Einnig segir í tillögunni að öryggisnefnd skuli setja sér áætlun um áhættumat og úttekt á öryggismálum með sérstöku tilliti til fyrirbyggjandi aðgerða.

Leikskólaráð samþykkti á árinu ráðningu leikskólastjóra við nýjan leikskóla í Norðlingaholti og leikskólann Foldakot.

## Eftirlit

Eftirlit leikskólaráðs með leikskólastafi í borginni fór einkum fram með svörum við fyrirspurnum fulltrúa í ráðinu og minnisblöðum um ýmis mál sem lögð voru fyrir ráðið. Lagt var fram reglulega yfirlit yfir fjölda barna og fjölda rýma í leikskólum Reykjavíkurborgar, nýtingarhlutfall leikskóla og starfsmannamál í leikskólum. Greinargerðir og skýrslur hinna ýmsu starfshópa voru kynntar í ráðinu og fulltrúar frá Framkvæmdasviði kynntu áætlanir um stofnframkvæmdir leikskóla og gerðu grein fyrir viðhaldi á leikskólahúsnæði.

## Samþykkt fyrir Leikskólaráð Reykjavíkurborgar

### Umboð

#### 1. gr.

Leikskólaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

### Verksvið

#### 2. gr.

Leikskólaráð mótar stefnu í menntamálum og öðrum málefnum barna á leikskólaaldri í Reykjavík og þjónustu við foreldra þeirra, m.a. um leikskóla, daggæslu, leik- og gæsluvelli. Þá tekur ráðið ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verksviði sínu. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í menntamálum barna á leikskólaaldri sé fylgt og fylgist með gæðum þess skólustarfs og annars starfs sem fram fer á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

#### 3. gr.

Leikskólaráð fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Þá fer ráðið með verkefni félagsmálanefndar skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að því er lítur að daggæslu í heimahúsum og rekstri gæsluvalla.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur leikskólaráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum og öðrum málefnum barna á leikskólaaldri og þjónustu við foreldra þeirra.
2. Hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um leikskóla nr. 78/1994 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995, með síðari breytingum.
3. Hefur eftirlit með framkvæmd daggæslu barna í Reykjavík skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæðum reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, og er jafnframt stefnumótandi á því sviði.
4. Veitir leyfi til reksturs einkarekinna leikskóla, sbr. 7. gr. leikskólalaga nr. 78/1994 og hefur eftirlit með starfi þeirra, sbr. einnig 12. gr samþykktarinnar.
5. Gætir þess að leikskólum á vegum borgarinnar sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.
6. Gætir þess að leikskólar á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði til skólustarfs og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi. Gerir tillögur til borgarráðs um byggingu nýrra leikskóla eða viðbygginga við eldri skóla og gerð leik- og gæsluvalla.
7. Gerir tillögur til borgarráðs um þjónustugjöld.
8. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárframlög á grunni þjónustusamninga til leikskóla, daggæslu og gæsluvalla á vegum annarra aðila en Reykjavíkurborgar, s.s. einkafyrirtækja eða félaga, og hefur frumkvæði að gerð reglna þar um.
9. Stuðlar að samstarfi leikskóla og grunnskóla ásamt samstarfi leikskóla við tónlistarskóla.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

#### 4. gr.

Leikskólaráð skal í störfum sínum fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Stefnukorti borgarinnar
2. Starfsmannastefnu
3. Upplýsingastefnu
4. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
5. Mannréttindastefnu
6. Innkaupastefnu og innkaupareglum
7. Stefnu um fjölmennningarlegt samfélag
8. Umhverfisstefnu
9. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
10. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga
11. Stefnu í erlendum samskiptum
12. Siðareglum
13. Leikreglum með fjárhagsáætlun

### *Skipan*

#### 5. gr.

Leikskólaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 61 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Einn fulltrúi skólustjóra leikskóla, einn fulltrúi starfsmanna leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Leikskólaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál eða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 6. gr.

Formaður leikskólaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu á verksviði ráðsins.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana leikskólaráðs og rekstri og stjórnýsly sviðsins og stofnana er undir það heyra, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### 7. gr.

Leikskólaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafundar eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra leikskólasviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri leikskólasviðs eða staðgengill hans, skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt getur ráðið boðað aðra þá til fundar sem það telur þörf á hverju sinni.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### 8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Leikskólaráð skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerðar til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Leikskólasvið sér um skrifstofuhald fyrir leikskólaráð og leggur því til fundarritara.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning fundar til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með menntaráði og hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

### *Samráð*

#### 9. gr.

Leikskólaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við foreldra, íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal leikskólaráð leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefa tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Leikskólaráð heldur a.m.k. einn opinn fund á ári.

### *Fjármál*

#### 10. gr.

Leikskólaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyrir og felur sviðsstjóra leikskólasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður leikskólaráðs og sviðsstjóri leikskólasviðs kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

### *Ráðningar*

#### 11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra leikskólasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn.

Leikskólaráð ræður skólustjóra leikskóla að fenginni tillögu sviðsstjóra, sbr. 12. gr.

Sviðsstjóri ræður í aðrar stjórnunarstöður á leikskólasviði.

### *Fullnaðarafgreiðslur*

#### 12. gr.

Leikskólaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og viðauka 1.6 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum:

- a. Veitir leyfi til reksturs einkarekinna leikskóla, sbr. 7. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
- b. Ræður skólustjóra leikskóla, sbr. 12. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, með síðari breytingum.

Leikskólaráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

Framangreindar afgreiðslur leikskólaráðs, sbr. 1. mgr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra leikskólasviðs fer skv. viðauka 2.6 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum.

### *Málsmeðferð*

#### 13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verk-lagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu leikskólaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal leikskólaráð taka mál upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur gildi 15. september 2006.

*Samþykkt í borgarráði, í umboði borgarstjórnar, 17. ágúst 2006*

## 2. MENNTARÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Menntaráð Reykjavíkur fer með yfirstjórn menntamála í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Menntasvið Reykjavíkurborgar annast stjórnýslu menntaráðs.

### Fulltrúar

Frá áramótum og fram að borgarstjórnarkosningum í lok maí 2006 starfaði menntaráð undir formennsku Stefáns Jóns Hafstein en í kjölfar kosninga tók nýtt menntaráð til starfa undir forystu Júlíusar Vífils Ingvarssonar.

Í menntaráði sátu 7 fulltrúar kosnir af borgarstjórn. Fulltrúi F-lista sat einnig fundi ráðsins sem áheyrnarfulltrúi. Skólastjórafélag Reykjavíkur, Kennarafélag Reykjavíkur og SAMFOK, samtök foreldrafélaga og foreldraráða í Reykjavík, áttu sem fyrr áheyrnarfulltrúa í ráðinu. Leikskólastjórar, starfsmenn í leikskólum og samtökin *Börnin okkar* áttu áheyrnarfulltrúa á fundum menntaráðs þar til í september 2006. Sviðsstjóri Menntasviðs, aðstoðarsviðsstjóri, fjármálastjóri, starfsmannastjóri og skrifstofustjórar leik- og grunnskólaskrifstofu sátu fundi ráðsins auk ritara menntaráðs.



#### Fyrri hluta árs voru eftirfarandi fulltrúar í menntaráði:

##### Aðalmenn

Stefán Jón Hafstein, formaður  
Þorlákur Björnsson, varaformaður  
Katrín Jakobsdóttir  
Sigrún Elsa Smáradóttir  
Guðlaugur Þór Þórðarson/Marta Guðjónsdóttir (frá maí 2006)  
Guðrún Ebba Ólafsdóttir  
Hanna Birna Kristjánsdóttir

##### Varamenn

Grétar Theodór Birgisson  
Nína Helgadóttir  
Svandís Svavarsdóttir  
Heiða Björg Pálmadóttir  
Björn Ársæll Pétursson  
Jórunn Frímannsdóttir  
Marta Guðjónsdóttir

#### Síðari hluta árs voru eftirfarandi fulltrúar í menntaráði:

##### Aðalmenn:

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður  
Fanný Gunnarsdóttir/Anna Margrét Ólafsdóttir (frá okt. 2006)  
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir/Marta Guðjónsdóttir (frá sept. 2006)  
Lilja Dögg Alfreðsdóttir  
Stefán Jón Hafstein  
Sigrún Elsa Smáradóttir  
Svandís Svavarsdóttir

##### Varamenn:

Marta Guðjónsdóttir/Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir (frá sept. 2006)  
Kristín Helga Guðmundsdóttir  
Áslaug Friðriksdóttir  
Sveinn Hjörtur Guðfinnsson  
Oddný Sturludóttir  
Dofri Hermannsson  
Helga Björg Ragnarsdóttir

#### Áheyrnarfulltrúar í menntaráði:

Gísli Helgason/Margrét Sverrisdóttir (frá júní 2006) fulltrúi F-lista  
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur  
Sigrún E. Ólafsdóttir og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir fulltrúar Kennarafélags Reykjavíkur  
Bergþóra Valsdóttir fulltrúi SAMFOKs, samtaka foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur  
Jóhanna Rósa Arnardóttir/Svanhildur Eva Stefánsdóttir, *Börnin okkar*, samtök foreldrafélaga í Reykjavík (til sept. 2006)  
Sigrún Sigurðardóttir og Alla Dóra Smith fulltrúar leikskólakennara (til sept. 2006)  
Ingibjörg Kristleifsdóttir fulltrúi leikskólastjóra (til sept. 2006)

## Stefnumörkun

Menntaráð Reykjavíkur hélt 21 fund á árinu 2006. Að venju var haldinn einn opin fundur, að þessu sinni í Ráðhúsi Reykjavíkur 26. janúar. Yfirskrift hans var *Samstarf leik- og grunnskóla* og sóttu hann um sjötíu manns. Flutt voru þrjú framsöguverindi og sátu menntaráðsfulltrúar síðan fyrir svörum fundargesta. Sameiginlegur vinnufundur menntaráðs og leikskólaráðs var haldinn að Úlfjötuvatni í október.

Menntaráð markaði á árinu stefnu um eftirtalda þætti:

- Í janúar 2006 var samþykkt endurskoðuð fjölmenningsstefna fyrir leikskóla.
- Í janúar samþykkti ráðið að fela Menntasviði að setja á fót undirbúningsstarfshóp með það verkefni að safna saman upplýsingum um skipulag dagforeldraerfa á Norðurlöndum og ólíkar leiðir sem farnar eru í þeim efnum.



- Á fundi menntaráðs í febrúar var samþykkt tillaga áheyrnarfulltrúa Kennarafélags Reykjavíkur og SAMFOKs um að stofnaður yrði starfshópur um blogg síður grunnskólabarna. Áhersla yrði lögð á samstarf foreldra og skólafyrvalda um kosti og galla netheima, ábyrgð, uppeldi og menntun.
  - Menntaráð samþykkti tillögu áheyrnarfulltrúa F-lista um að gerð yrði úttekt á aðgengi að heimasíðum grunnskóla borgarinnar. Jafnframt yrðu kröfur um aðgengi samræmdar þeim sem gilda á heimasíðu Reykjavíkurborgar.
  - Á fundi menntaráðs í mars var samþykkt tillaga um að hafinn yrði undirbúningur að innra starfi sköpunarsmiðju grunnskóla sem fyrirhugað er að starfrækja í Fellaskóla. Jafnframt var óskað eftir því að Fellaskóli og aðal-skrifstofa Menntasviðs ynnu saman að stefnuþlaggi fyrir smiðjuna til samþykktar í menntaráði. Stefnuyfirlýsing um hugmynda- og sköpunarsmiðju grunnskóla Reykjavíkur var samþykkt í menntaráði í maí.
  - Endurskoðuð viðmið við val á umsækjendum um skólastjórastöður í grunnskólum Reykjavíkur voru samþykkt í menntaráði í mars.
- Menntamálanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn menntaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla. Menntaráð samþykkti tillögu að umsögn um frumvarpið í mars.
  - Samþykkt var að skipa nefnd um endurskoðun þjónustusamninga við einkarekna leikskóla.
  - Á árinu samþykkti menntaráð nýjar og samræmdar reglur um styrki ráðsins en þær byggjast á eldri reglum þeirra sjóða sem fyrir voru hjá fræðsluráði og leikskólaráði.
  - Á fundi sínum í apríl samþykkti menntaráð að fela Menntasviði að hefja undirbúning að stofnun sérhæfðar sérdeildar fyrir nemendur með alvarlegan atferlisvanda í 1.–6./7. bekk í almennum skóla í einu af austurhverfum borgarinnar.
  - Í maí voru samþykktir í menntaráði viðaukar við þjónustusamning Menntasviðs og þjónustu- og rekstrarsviðs, sbr. samþykkt menntaráðs frá 21. júní 2005.
  - Starfshópur um fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum lagði fram greinargerð á fundi menntaráðs í maí. Meginmarkmið starfshópsins, sem skipaður var í nóvember 2005, var að setja fram hugmyndir um hvernig styrkja megi starfsfólk leik- og grunn-

skóla til að bregðast við grun um kynferðislegt ofbeldi gagnvart nemendum. Menntaráð samþykkti að fela Menntasviði að annast framkvæmd tillagna starfshópsins.

- Í október 2005 var samþykkt að skipa vinnuhóp um stefnumörkun Námsflokka Reykjavíkur og skilaði hópurinn niðurstöðum sínum til ráðsins í maí.
- Könnun á innleiðingu stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkenntu í almennum grunnskólum var gerð vorið 2005. Skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar var kynnt í menntaráði í maí og fól ráðið Menntasviði að fylgja eftir þeim tillögum sem fram komu í skýrslunni og móta næstu skref.
- Í febrúar 2005 var komið á fót starfshópi um samstarf leik- og grunnskóla. Meginhlutverk hans var að koma með tillögum um aukið samstarf skólastíganna auk þess sem starfshópurinn skyldi halda áfram vinnu hóps sem fjallaði um gjaldfrjálsan leikskóla fimm ára barna. Greinargerð starfshópsins var lögð fram í menntaráði í maí.
- Á fyrsta fundi nýs menntaráðs í júní var samþykkt sú breyting á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í Reykjavík að ákvæði um hámarksaldur nemenda var felld niður en tónlistarskólar setji sér þess í stað reglur um námsframvindu og námslengd.
- Á fundi menntaráðs í ágúst var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í stjórnkerfisnefnd um stofnun leikskólaráðs og Leikskólasviðs. Óskað var um sagnar menntaráðs um tillöguna og hlaut hún stuðning meirihluta ráðsins.
- Menntaráð samþykkti í ágúst að stofna starfshóp um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla. Hann átti að skilgreina möguleika nemenda á sveigjanleika við lok leikskóla og upphaf grunnskóla annars vegar og sveigjanleg námslok nemenda í grunnskóla og tengsl við framhaldsskólann hins vegar.
- Menntaráð samþykkti á haustdögum að skipa starfshóp um menntastefnu Reykjavíkurborgar. Helstu verkefni hópsins eru að endurskoða fyrirbyggjandi stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum og setja fram tillögur um markmið og áherslur til næstu ára.
- Komið var á fót starfshópi um málefni innflytjenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Hlutverk hans er að fjalla um stöðu innflytjenda í grunnskólum Reykjavíkur og gera tillögur um úrbætur.
- Menntaráð samþykkti í september tillögu um að gerð yrði úttekt á stöðu Reykjavíkurborgar miðað við OECD lönd með hliðsjón af árangri nemenda í Reykjavík í PISA og fjárveitingum til grunnskóla í Reykjavík.
- Á fundi menntaráðs í október var samþykkt að leggja til við borgarráð að Sæmundarsel, sem nú er útibú frá Ingunnarskóla, verði sjálfstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.–10. bekk og beri heitið Sæmundarskóli. Borgarráð samþykkti tillögu menntaráðs.
- Í lok árs samþykkti menntaráð að leggja til við borgarráð að framlög til einkarekinna grunnskóla yrðu hækkuð.

## Eftirlit

Eftirlit menntaráðs með skólahaldi í borginni fór einkum fram með svörum við fyrirspurnum fulltrúa í ráðinu og minnisblöðum um ýmis mál sem lögð voru reglulega fyrir ráðið. Staða starfsmannamála í leikskólum var kynnt reglulega svo og upplýsingar um fjölda barna og rýma í leikskólum sem og nýtingarhlutfall leikskóla. Skóladagatöl allra grunnskóla voru yfirfarin og staðfest af menntaráði og kallað var eftir umbótaáætlunum og upplýsingum um stöðu sjálfsmats í grunnskólum borgarinnar.

Fylgst var með skólastarfi með ýmsum könnunum, s.s. fyrirspurnum til skólastjórnenda um gang skólastarfs, foreldrakönnun í grunnskólum og lesskimun barna í 2. bekk. Þá var gerð könnun meðal dagforeldra og á viðhorfum forráðamanna barna í daggæslu til þjónustu dagforeldra.

Fulltrúar frá Framkvæmdasviði kynntu ráðinu áætlanir um stofnframkvæmdir leik- og grunnskóla og gerðu grein fyrir viðhaldi og viðgerðum á skólabyggingum.



Á árinu 2006 voru nýir skólastjórar ráðnir að þremur grunnskólum: Engjaskóla, Grandaskóla og Laugarnesskóla. Nýir leikskólastjórar voru á fyrri hluta ársins ráðnir við leikskólana Álfþaborg og Sólbakka.

Um verðlaun og styrki menntaráðs, sjá bls. 56.



## Samþykkt fyrir Menntaráð Reykjavíkurborgar

### Umboð

#### 1. gr.

Menntaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

### Verksvið

#### 2. gr.

Menntaráð mótar stefnu í menntamálum á vegum Reykjavíkurborgar, annarra en barna á leikskólaaldri, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í menntamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

#### 3. gr.

Menntaráð fer með verkefni skólanefndar skv. grunnskólalögum nr. 66/1995.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur menntaráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sviði menntamála:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum, annarra en barna á leikskólaaldri.
2. Hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um grunnskóla nr. 66/1995 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, þ.m.t. að öll skólaskyld börn í Reykjavík njóti lögboðinnar menntunar og að áætlanir um starfstíma nemenda grunnskóla ár hvert hljóti staðfestingu ráðsins.
3. Fylgir eftir framkvæmd 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 varðandi stofnun og byggingu framhaldsskóla.
4. Hefur eftirlit með starfsemi skólahljómsveita og fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar.
5. Skipar fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólanefndir/stjórnir tónlistarskóla, sbr. 3. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
6. Hefur eftirlit með starfi einkarekinna skóla sem styrktir eru af borginni, þ.e. grunnskólum, tónlistarskólum og myndlistarskólum.
7. Gætir þess að grunnskólum á vegum borgarinnar sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu.
8. Gætir þess að grunnskólar á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði til skólastarfs og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi. Gerir tillögur til borgarráðs um byggingu nýrra grunnskóla eða viðbyggingar við eldri skóla.
9. Gerir tillögur til borgarráðs um þjónustugjöld.
10. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárframlög á grunni þjónustusamninga til grunnskóla og tónlistarskóla á vegum annarra aðila en Reykjavíkurborgar, s.s. einkafyrirtækja eða félaga, og hefur frumkvæði að gerð reglna þar um.
11. Stuðlar að samstarfi skóla, s.s. leikskóla og grunnskóla, grunnskóla við framhaldsskóla og tónlistarskóla við leikskóla og grunnskóla.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

#### 4. gr.

Menntaráð skal í störfum sínum fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Stefnukorti borgarinnar
2. Starfsmannastefnu
3. Upplýsingastefnu
4. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
5. Mannréttindastefnu
6. Innkaupastefnu og innkaupareglum
7. Stefnu um fjölmennningarlegt samfélag
8. Umhverfisstefnu
9. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
10. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga
11. Stefnu í erlendum samskiptum
12. Siðareglum
13. Leikreglum með fjárhagsáætlun

### *Skipan*

#### 5. gr.

Menntaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 61 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja menntaráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Fulltrúar skólastjóra, kennara/starfsmanna og foreldra eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, sbr. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Jafnframt á skólastjóri rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, þegar fjallað er sérstaklega um málefni viðkomandi skóla, sbr. 6. mgr. 13. gr. grunnskólalaga.

Menntaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál eða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 6. gr.

Formaður menntaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu á verkswiði ráðsins.

Sviðsstjóri menntasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana menntaráðs og rekstri og stjórnsýslu sviðsins og stofnana er undir það heyra, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### 7. gr.

Menntaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafundar eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra Menntasviðs og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verkswiði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri menntasviðs eða staðgengill hans skal sitja fundi menntaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### 8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Menntaráð skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerðar til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Menntasvið sér um skrifstofuhald fyrir menntaráð og leggur því til fundarritara.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning fundar til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með leikskólaráði og hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

### *Samráð*

#### 9. gr.

Menntaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við foreldra, íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal menntaráð leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefa tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumótkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Menntaráð heldur a.m.k. einn opinn fund á ári.

### *Fjármál*

#### 10. gr.

Menntaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra Menntasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður menntaráðs og sviðsstjóri menntasviðs kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

### *Ráðningar*

#### 11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra menntasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn.

Menntaráð ræður skólastjóra grunnskóla að fenginni tillögu sviðsstjóra, sbr. 12. gr.

Sviðsstjóri ræður í aðrar stjórnunarstöður á Menntasviði.

### *Fullnaðarafgreiðslur*

#### 12. gr.

Menntaráð ræður skólastjóra grunnskóla skv. 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995, án staðfestingar borgarráðs, samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og viðauka 1.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum.

Menntaráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

Framangreindar afgreiðslur menntaráðs skv. 1. mgr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra Menntasviðs fer skv. viðauka 2.5 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001, með síðari breytingum.

### *Málsmeðferð*

#### 13. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verk-lagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu menntaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal menntaráð taka mál upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur gildi 15. september 2006 og fellur þá úr gildi samþykkt fyrir menntaráð frá 5. apríl 2005, með áorðnum breytingum.

*Samþykkt í borgarráði, í umboði borgarstjórnar, 17. ágúst 2006*


### 3. MENNTASVIÐ - HELSTU VERKEFNI

#### Skipulagsbreytingar

Árið 2006 fór Menntasvið með stjórnýslu tveggja fyrstu skólastiganna. Undir það heyrðu rekstur 80 leikskóla og fagleg stefnumörkun, svo og eftirlit með einkareknum leikskólum og daggæslu í heimahúsum. Undir sviðið heyrði einnig rekstur 38 grunnskóla og fagleg stefnumörkun, svo og eftirlit með einkareknum grunnskólum, fullorðinsfræðsla í Námsflokkum Reykjavíkur og rekstur fjögurra skólahljómsveita.

Í leik- og grunnskólum borgarinnar nutu á árinu um 20.300 börn og unglingar uppeldis og menntunar hjá um 4000 starfsmönnum.

Ný skipurit fyrir nýtt Leikskólasvið og Menntasvið voru samþykkt í borgarráði 17. ágúst.



Í ljósi nýrra skipurita hófst endurskipulagning á húsnæði aðalskrifstofu að Fríkirkjuvegi 1. Starfsmönnum var skipt milli sviða og ákveðið var að nokkrir starfsmenn sinntu báðum sviðum, s.s. ráðgjafi um skólamótuneyti, lögfræðingur, upplýsingafulltrúi og verkefnastjóri í starfsmannaþjónustu.

#### Starfsáætlun

Undirbúningur að starfsáætlun fyrir árið 2007 var kominn vel á veg þegar ákvörðun lá fyrir um að Menntasviði yrði skipt upp. Því var ákveðið að hún yrði sameiginleg fyrir bæði sviðin. Vinna við hana fór að mestu fram á haustmánuðum og líkt og fyrr var samráð haft við fjölmarga aðila, s.s. skólastjórnendur beggja skólastiga, kennara og fulltrúa foreldra. Vikulegir fundir voru í stefnumótunarhópi Menntasviðs í september og október og bæði fagráðin funduðu í tvígang um stefnumið starfsáætlunar. Starfsáætlun 2007 var samþykkt í báðum ráðum þann 6. nóvember.

## Aðalskrifstofa

### Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofan hafði yfirumsjón með stefnumörkun og innleiðingu breytinga, annaðist gagnavinnslu fyrir sviðið, samskipti innanlands og utan, upplýsingamiðlun, kynningarmál, gæðamál, skjalastjórnun og almenna afgreiðslu erinda. Skrifstofan veitti jafnframt menntaráði og nýstofnuðu leikskólaráði þjónustu og undirbjó og sá um fundi þeirra. Ragnhildur Erla Bjarnadóttir veitti skrifstofu sviðsstjóra forstöðu og var aðstoðarsviðsstjóri þar til 1. nóvember er hún tók við starfi sviðsstjóra nýs Leikskólasviðs. Á skrifstofunni störfuðu einnig upplýsingafulltrúi sviðsins, gæðastjóri og alþjóðafulltrúi, sem jafnframt var ritari leikskólaráðs og menntaráðs, og stjórnunarritari. Undir skrifstofu sviðsstjóra heyrðu tvær deildir: móttöku- og upplýsingadeild og gagnadeild.

### Móttöku- og upplýsingadeild

Deildin sinnti fjórum meginverkefnum: símsvörun, afgreiðslu, skjalavörslu og ræstingu og rekstri aðalskrifstofu. Steinunn Hjartardóttir veitti deildinni forstöðu og voru starfsmenn 10 í tæplega 9,5 stöðugildum.

Á árinu var unnið áfram að upplýsingagrunni fyrir gæðahandbók Menntasviðs og þjónustulýsingar sem birtast á vefsíðum borgarinnar. Innleiðing gæðahandbókar kallaði á endurskoðun verklagsreglna og vinnulýsinga skjalastjórnunar, en öll skjöl voru skráð og skönnuð í GoPro skjalastjórnunarkerfið. Starfsmönnum var boðið upp á ráðgjöf vegna skjalamála, sem og námskeið og aðstoð við að skrá í kerfið. Deildin hafði einnig yfirumsjón með húsnaði aðalskrifstofu og skiptingu þess milli sviða í lok ársins.

### Gagnadeild

Meginhlutverk gagnadeildar var að safna saman og vinna úr gögnum um starfsemi leik- og grunnskóla í borginni, vinna áætlanir á grunni þeirra, sinna rannsóknum á skólastarfi, innritun grunnskólanemenda og spá um nemendafjölda. Deildarstjóri var Hildur Björk Svavarsdóttir, en auk hennar störfuðu þrír sérfræðingar og nemendaskráritari á deildinni.

### Helstu verkefni gagnadeildar á árinu 2006

- Viðhorfskönnun forráðamanna grunnskólanemenda í Reykjavík,
- Greiningar á nýjum störfum í grunnskólum,
- Könnun meðal dagforeldra og viðhorf foreldra/forráðamanna barna í daggæslu til þjónustu dagforeldra.
- Könnun meðal foreldra/forráðamanna nemenda í skólahljómsveitum.

### Námsflokkar Reykjavíkur

Námsflokkarnir leggja áherslu á að mennta þá sem minnsta formlega menntun hafa og minnsta möguleika á að afla sér hennar. Þetta er gert með markvissri náms- og starfsráðgjöf, sérkennslu, námi á grunnskólastigi sem er öllum opið og átaksverkefnum fyrir ýmsa hópa. Hjá Námsflokkunum voru 5 fastráðnir starfsmenn og 3 verkefnaáðnir. Stundakennarar voru 11 talsins. Nemendur voru um 280, en auk þess stóðu Námsflokkarnir fyrir íslenskunámi fyrir rúmlega 1100 útlendinga í samvinnu við Mími-símenntun og Alþjóðahús. Björg Árnadóttir veitti Námsflokkunum forstöðu.

### Helstu áherslur í starfsemi Námsflokka á árinu 2006

- Mikil áhersla var lögð á uppbyggingu náms- og starfsráðgjafar, sem er ný þjónusta hjá Námsflokkunum og stendur öllum Reykvíkingum, eldri en 16 ára, til boða.
- Unnið var að því að móta félagslega menntastefnu Reykjavíkurborgar og var henni hrint í framkvæmd í samstarfi við nokkur stjórnsýslusvið og stofnanir borgarinnar, t.d. Velferðarsvið, ÍTR og Vinnuskólann.



## Tónlistarfulltrúi

Tónlistarfulltrúi er næsti yfirmaður stjórnenda fjögurra skólahljómsveita í Reykjavík og sinnir samskiptum og eftirliti með þeim tónlistarskólum sem Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við. Hann ber ábyrgð á nefndum og starfshópum um tónlistarfræðslu sem starfa á vegum menntaráðs eða Menntasviðs og vinnur að stefnumótun. Þá sér tónlistarfulltrúi um ýmis sérverkefni sem snúa að tónlistarviðburðum. Laufey Ólafsdóttir var tónlistarfulltrúi Menntasviðs.

### Helstu áherslur í starfi tónlistarfulltrúa árið 2006

- 50 ára afmæli skólahljómsveita, tónleikar í Háskólabíói og dagskrárarit.
- Símenntunardagur fyrir stjórnendur og kennara skólahljómsveita.
- Náms- og kynnisferð með stjórnendum skólahljómsveita til Boston.
- Unnið að stefnumótun í tónlistarfræðslu fyrir Reykjavíkurborg í samvinnu við skólustjóra tónlistarskóla og stjórnendur skólahljómsveita.

## Sérkennslufulltrúi

Grunnskólar Reykjavíkur starfa samkvæmt stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur, fatlaðir og ófatlaðir, íslenskir sem erlendir, eiga val um skóla samkvæmt ákvörðun foreldra. Til skólanna er úthlutað fjármagni til sérkennslu, annars vegar almenn úthlutun vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika og hins vegar vegna mikið fatlaðra nemenda og nemenda sem hafa mikla sérkennsluþörf. Úthlutun er ákveðin út frá greiningum frá sérhæfðum greiningarstofnunum á vegum ríkisins og er miðlæg frá Menntasviði.

Á haustönn 2006 fengu grunnskólarnir úthlutað fjármagni í sérstuðning vegna 617 nemenda með miklar sérþarfir í námi samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum.

## Leikskólaskrifstofa

Skrifstofan vann á árinu að því að þróa leikskólastarfið og undirbúa stefnumörkun. Hún hafði einnig eftirlit með leikskólastarfi og sá um upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og leikskólaráð og starfshópa á vegum ráðanna. Þá hafði skrifstofan yfirumsjón með nefndarstörfum og starfshópum sem störfuðu að málefnum leikskólans og undirbjó hönnun og smíði leikskólabygginga í samvinnu við Framkvæmdasvið. Skrifstofustjóri var Hildur Skarphéðinsdóttir og var hún næsti yfirmaður 80 leikskólastjóra. Fjórir aðrir starfsmenn unnu á leikskólaskrifstofu og sinntu verkefnastjórnun og eftirliti með einkareknum leikskólum og eftirliti og umsjón með útgáfu leyfa til daggæslu í heimahúsum.

Reglulegir fundir voru haldnir með öllum leikskólastjórum og samráði skrifstofunnar og leikskólastjóra. Þá skipulagði skrifstofan símenntun leikskólastjórnenda í samvinnu við starfsmannþjónustu Menntasviðs, svo og ráðgjöf um stjórnun.

### Helstu áherslur í starfsemi leikskólaskrifstofu á árinu 2006

- Unnið að stefnumótun um yngstu börnin í leikskólanum.
- Gerð viðmið fyrir úthlutun fjármagns til leikskóla vegna barna af erlendum uppruna.
- Unnið var að undirbúningi og byggingu nýs leikskóla í Norðlingaholti og nýbyggingu leikskólans Skógarborgar. Einnig var leikskólinn Vinagerði keyptur og unnið að undirbúningi að stækkun leikskólans Rofaborgar og nýbyggingu leikskólans Álftaborgar.
- Unnið var að því að styrkja leikskólastjóra með stjórnendanámi.
- Samráð var haft við leikskólastjóra, leikskólakennara og foreldra um stefnumótun varðandi fjölgun skipulagsdaga.
- Úthlutað var styrkjum til þróunarverkefna í leikskólum.
- Í samstarfi við grunnskólaskrifstofu var unnið að því að styrkja samstarf leik- og grunnskóla, m.a. í starfshópi sem gaf út skýrslu í maí.
- Unnið að undirbúningi hönnunar við nýjan leikskóla og grunnskóla í Norðlingaholti í samstarfi við grunnskólaskrifstofu.
- Tilraunaverkefni var sett af stað í handleiðslu fyrir starfsmenn.

## Grunnskólaskrifstofa

Skrifstofan vann að þróun grunnskólastarfs og undirbúningi stefnumörkunar, annaðist mat og eftirlit með skólastarfi, sá um upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins. Ráðgjöf við foreldra er hluti af verkefnum skrifstofunnar og hún undirbjó jafnframt hönnun og smíði skólabygginga í samvinnu við Framkvæmdasvið. Anna Kristín Sigurðardóttir var skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu. Skólastjórar 38 grunnskóla heyrðu beint undir hana. Á grunnskólaskrifstofu störfuðu þrjár verkefnastjórar.

Mánaðarlega stendur grunnskólaskrifstofa fyrir fundum með öllum grunnskólastjórum, reglulega er fundað með samráði þeirra og skrifstofan skipuleggur símenntun, kynningar- og fræðsluferðir skólastjóra. Ráðgjafi um skólámötuneyti í leik- og grunnskólum kom til starfa í apríl og einbeitti sér að því að veita ráð um matseðla og að styrkja innra eftirlit í skólámötuneytum. Stofnað var fagråd um skólámötuneyti, boðið upp á námskeið um innra eftirlit og næringu barna og ráðgjafi gerði fræðslubækling um séræði barna.



### Helstu áherslur í starfsemi grunnskólaskrifstofu á árinu 2006

Áhersla var lögð á að styðja við faglega þróun grunnskólans í átt til einstaklingsmiðaðs náms og leitast við að skýra ferla og vinnubrögð í þjónustu við skólana. Helstu málaflokkar sem unnið var að tengdust mati á skólastarfi, stuðningi við þróunarstarf af ýmsum toga og stuðningi við stjórnendur grunnskóla.

- Í lok árs var kallað eftir umbótaáætlun frá hverjum skóla sem byggðist á sjálfsmati þeirra.
- Skrifstofan hafði umsjón með úthlutun styrkja menntaráðs til fræðslu- og þróunarverkefna í skólum.
- Tilraunaverkefni sjö skóla um breytta viðmiðunarstundaskrá haldið áfram.
- Unnið var að því að efla foreldraråd í samstarfi við SAMFOK.
- Lokið var gagnasöfnun um ferli nemandanna í einstaklingsmiðuðu námi.
- Námskeið um bættu hegðun og samskipti í grunnskólum var haldið fyrir skólastjórnendur. Byggt var á úttekt Ingvars Sigurgeirssonar fyrir Menntasvið.
- Haldið var námskeið um nýtingu kannana og rannsókna í skólastarfi fyrir stjórnendur í grunnskólum í samstarfi við starfsmannþjónustu og gagnadeild.
- Samráð var haft við stjórnendur, foreldra og grunnskólakennara um stefnumótun auk þess sem haldinn var fundur með nemendaráðum skóla í Miðborg, Hlíðum og Vesturbæ.
- Unnið var að því í samstarfi við leikskólaskrifstofu að styrkja samstarf leik- og grunnskóla, m.a. kom út skýrsla starfshóps í maí. Sameiginlegir hópar beggja skólastiga um málþroska og lestur annars vegar og um styrkingu sjálfsmyndar og félagsfærni hins vegar störfuðu allt árið.
- Undirbúin var endurgerð skólalóða í samstarfi við Framkvæmdasvið þar sem áhersla var lögð á samráð við skólafólk, foreldra og nemendur.
- Hönnun nýs grunnskóla og leikskóla í Norðlingaholti var undirbúin með þátttöku kennara, foreldra, nemenda, íbúa o.fl. Unnið var samkvæmt ferli frá hinu almenna til hins sértæka.



## Fjármálastjórnun

Yfirumsjón með fjármálum menntamála í Reykjavík var í höndum fjármálastjórnunar Menntasviðs á árinu 2006. Helstu verkefni tengdust stefnumörkun, fjárhagsáætlun, launaafgreiðslu, bókhaldi, rekstrarþjónustu, fjárhagseftirliti og ráðgjöf. Fjármálastjórnun skiptist í þrjár deildir; fjármáladeild, launadeild og bókhaldsdeild, en tvær þær síðastnefndu voru fluttar yfir í miðlægar deildir borgarinnar á árinu. Einnig starfaði verkefnisstjóri byggingarmála á skrifstofunni. Runólfur Birgir Leifsson var fjármálastjóri Menntasviðs.

Í fjármáladeild störfuðu 11 manns og sinntu þeir fjárhagsáætlun, rekstraráætlun, búnaði, rekstrarmálum, tölfræði, fjárhagseftirliti og innheimtu. Deildarstjóri var Bragi Þór Bjarnason. Í launadeild störfuðu 10 manns, en deildin annaðist launaafgreiðslu til allra starfsmanna sem undir menntamálin heyrðu eða alls um 4.300 manns. Deildarstjóri var Dagný Leifsdóttir. Í bókhaldinu störfuðu 10 manns sem sáu um bókhaldsþjónustu fyrir alla leik- og grunnskóla og aðrar rekstrareiningar fræðslumála og voru bókuð yfir 90.000 fylgiskjöl á árinu. Deildarstjóri var Guðríður Eiríksdóttir.

Í byrjun árs voru starfsmenn fjármálastjórnunar alls 33, en í árslok, eftir flutning launadeildar og bókhaldsdeildar, voru starfsmenn 13. Fjármálastjóri sá um yfirstjórn og samhæfingu á skrifstofunni. Verkefnisstjóri byggingarmála sá um verkefni tengd skólabyggingum, búnaði, skólamötuneytum og húsnæðismálum. Einnig hafði hann umsjón með skólaakstri.

Fjármálastjórnun var skipt í tvær einingar í árslok, annars vegar fyrir Leikskólasvið (6 starfsmenn) og hins vegar Menntasvið (7 starfsmenn).

### Helstu áherslur í starfsemi fjármálastjórnunar á árinu 2006

- Fjárhagsáætlun vegna ársins 2007 var sérlega viðamikil vegna skiptingar á fjárhagsrömmum Leikskólasviðs og Menntasviðs.
- Samræming ferla og vinnubragða.
- Unnið að breytingu á reglum um þjónustusamninga við tónlistarskóla.
- Unnið að launaleiðréttingum og mati á kostnaði í kjölfar kjarasamninga.
- Fjárhagsáætlun Ingunnarskóla skipt á milli hans og Sæmundarskóla sem áður var sel frá Ingunnarskóla.
- Unnið að endurskipulagningu á rekstri Öskjuhlíðarskóla.
- Undirbúningsvinna fyrir útboð, s.s. vegna skólaaksturs, bónunar í skólahúsnæði (í fyrsta sinn sem slíkt útboð fer fram vegna leikskóla), innkaupa skólamötuneyta á kjöti og fiski og innkaupa á skólahúsgögnum.
- Fjárhagsáætlun breytt vegna breytinga á úthlutun vegna íslenskukennslu og túlkabjónustu fyrir nýbúa.
- Unnið með ParX að kostnaðargreiningu og mati á kostnaði á hvern nemanda í leik- og grunnskólum.



## Starfsmannþjónusta

Verkefni starfsmannþjónustu skiptust í þrjá meginþætti:

1. *Vinnurétt og ráðningar*, s.s. ráðgjöf til skólastjórnenda, kynning og túlkun á kjarasamningum og námskeið.
2. *Vinnuumhverfi*, s.s. ráðgjöf og úrlausn vegna ágreinings- og eineltismála, áhættumat, skipulagning og fræðsla á starfsdögum í leik- og grunnskólum, námskeið, fyrirlestrar og eftirfylgd vinnustaðagreininga.
3. *Starfsþróun og símenntun*, s.s. aðstoð við gerð símenntunaráætlana, umsjón með námskeiðum fyrir skólastjórnendur, skipulag náms fyrir sérhæfða starfsmenn í leik- og grunnskólum. Áfram var haldið við að þróa nýjar leiðir í menntun/símenntun fyrir starfsmenn, nám fyrir starfsfólk í mótuneytum og ritara í grunnskólum.

Starfsmannþjónustan veitti á árinu fjölbætta þjónustu og ráðgjöf, hélt utan um starfsauglýsingar og hafði umsjón með ráðningum stjórnenda í skólunum og starfsmanna á aðalskrifstofu. Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri annaðist formleg samskipti við stéttarfélag og átti sæti í samninganefnd borgarinnar. Starfsmenn voru í árslok 7 talsins. Á árinu var ráðinn lögfræðingur til starfa í starfsmannþjónustu sem veitti stjórnendum á sviðinu margs konar lögfræðiaðstoð og ráðleggingar.

### Helstu áherslur starfsmannþjónustu á árinu 2006

- Stuðningur við stjórnendur um starfsmannamál.
- Á haustönn var veitt aðstoð við leit að starfsmönnum til starfa við leikskólana og sett af stað teymi í samvinnu við leikskólaskrifstofu til að styðja við stjórnendur leikskóla sem áttu við mesta mannekleu að stríða.
- Fræðsla, úrvinnsla og eftirfylgd í kjölfar vinnustaðagreiningar í grunnskólum.
- Undirbúið var sérhæft nám fyrir ritara í grunnskólum og fleiri hópa, m.a. í samvinnu við V.Í. og aðra framhaldsskóla.
- Haldin voru fjölbreytileg námskeið fyrir starfsmenn leikskólanna.
- Með hliðsjón af markmiðum í starfsáætlun var hrundið af stað átaksverkefni um bætt samskipti í skólum borgarinnar sumarið 2006 sem fól m.a. í sér 8 daga námskeið fyrir skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og fagfólk þjónustumiðstöðva, ásamt námskeiðum fyrir fagmenntað starfsfólk grunn- og leikskóla um markvissar leiðir til að fyrirbyggja og takast á við erfiða hegðun.
- Sérstakt tilraunaverkefni um handleiðslu fyrir stjórnendur leikskóla í Vesturbæ sem hófst haustið 2005 var í gangi til vors.
- *Tölvutök*. Umfangsmikið símenntunarverkefni í samvinnu við K.H.Í. sem hefur það markmið að efla færni kennara við að nota tölvur í kennslu.

### Upplýsingatækniþjónusta

Upplýsingatækniþjónusta sá á árinu um rekstur netmiðlara og nærneta á starfstöðvum sviðsins, skipulag og uppsetningu á tölvukerfum og notendabjónustu. Þá sá hún um að innleiða nýjungar í upplýsingatækni og Skólasafnamiðstöð skráði gögn skólasafnanna í Gegni, upplýsingakerfi bókasafna. Skólasafnamiðstöð starfar í Hvassaleitisskóla og unnu þar 5 starfsmenn, þar af þrír bókasafnsfræðingar. Alls voru skráðar um 1.400 bækur og önnur gögn fyrir skólana á árinu 2006. Sigþór Örn Guðmundsson var forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu, starfsmenn deildarinnar voru 15 talsins.

### Helstu áherslur í upplýsingatækniþjónustu á árinu 2006

- Byggja upp vinnuferla og skipuleggja upplýsingatækniþjónustu Menntasviðs.
- Setja upp nettengingar og koma af stað vefvæðingu leikskóla.
- Undirbúa tölvuaðgengi allra leikskólastarfsmanna.
- Setja upp miðlægt aðgengi að kennsluforritum.

## Erlend samskipti

Samskipti við fræðimenn og skólafólk um heim allan eru mikilvægur þáttur í forystuhlutverki Reykjavíkurborgar í menntamálum og sem endranær héldu forsvarsmenn beggja skólastiga utan til náms- og kynnisferða á árinu. Tilgangur slíkra ferða er að fylgjast með þróun skólamála í öðrum löndum, sjá hvar við stöndum í samanburði við aðra og færa heim nýjar hugmyndir og reynslu annarra í skólastarfi.

- Í febrúar sat sviðsstjóri árlega ráðstefnu samstaka fræðslustjóra í Bandaríkjunum (American Association of School Administrators, AASA) og var hún að þessu sinni haldin í San Diego.
- Í mars hélt sviðsstjóri fyrirlestur í Thurgau í Sviss um skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám í grunnskólum Reykjavíkur. Þar var m.a. kynnt matstæki um einstaklingsmiðað nám sem þýtt hefur verið á ensku og hefur vakið mikla athygli víða erlendis.
- Árleg námsferð skólastjóra var farin til Bretlands í apríl. Auk átján skólastjóra sóttu sviðsstjóri, skrifstofustjóri og verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu og starfsmannastjóri námskeið um samvinnu skóla (networking) og teymisvinnu hjá Eastern Leadership Centre í Cambridge.
- Í apríl fóru skólahljómsveitarstjórar í Reykjavík ásamt tónlistarfulltrúa og fjármálastjóra Menntasviðs í náms- og kynnisferð til Boston. Markmið þessarar fyrstu náms- og kynnisferðar hljómsveitarstjóra var að kynna uppbyggingu og rekstri bandarískra skólahljómsveita og bera starfsemi þeirra og kennsluhætti saman við skólahljómsveitirnar fjórar í Reykjavík.
- Verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu sat í maí ráðstefnu í Tallin í Eistlandi undir yfirskriftinni *Synergy between internal and external evaluation and its impacts on learning and teaching*. Þar var fjallað um mat á skólastarfi.
- Verkefnisstjóri á leikskólaskrifstofu sat ráðstefnu um fjölmenningu í Málmei í maí. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Opportunities and Challenges for Education in the Multicultural City*.
- Í september fóru fjórir starfsmenn gagnadeildar á ráðstefnu bresku menntarannsóknarsamtakanna (B.E.R.A) sem haldin var í Warwick, Englandi.
- Verkefnastjóri daggæslu fór í hópi daggæslu- og leikskólafulltrúa í námsferð til Kaupmannahafnar og Málmei í október og kynnti sér tilhögun daggæslu í heimahúsum.
- Árleg námsferð leikskólastjóra var farin til Skotlands í nóvember. Þrettán leikskólastjórar, sviðsstjóri Leikskólasviðs og þrjú starfsmenn leikskólaskrifstofu kynntu sér uppbyggingu leikskóla og leikskólastarf í Glasgow og Edinborg. Þeir heim sóttu leikskóla og yngstu bekkir grunnskóla, svo og leikskólakennarabrot Strathclyde háskólans í Glasgow. Hópurinn sat einnig ráðstefnu sem bar yfirskriftina *Leadership in the Early Years*.
- Í janúar fóru tveir starfsmenn upplýsingatækniþjónustu og þrjú starfsmenn Námsflokka Reykjavíkur á BETT 2006, tölvu- og hugbúnaðarsýningu sem haldin er árlega í London.
- Forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur fór í kynnisferð til Stokkhólms í mars og kynnti sér stofnanir sem sinna fullorðinsfræðslu.
- Í janúar og september sat forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur vinnufundi í Kaupmannahöfn í tengslaneti um formlega fullorðinsfræðslu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjöldmargir erlendir gestir heimsóttu aðalskrifstofu Menntasviðs og reykvíska leik- og grunnskóla á árinu 2006. Erlendir aðilar óska í auknum mæli eftir kynningu á starfsemi sviðsins og að fá að heimsækja skólastofnanir. Jafnframt er algengt að óskað sé eftir kynningu á reykvísku skólastarfi og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þá vilja erlendir gestir gjarnan kynna sér afmarkaða þætti í skólastarfi, s.s. stefnu í sérkennslumálum og eins hefur þróun grunnskólanna í Reykjavík í átt að einstaklingsmiðuðu námi vakið verulega athygli í nágrannalöndum okkar.

Meðal þeirra sem sóttu okkur heim á árinu 2006 voru samstarfsmenn leik- og grunnskóla í hinum ýmsu Comeníusar-verkefnum, leikskólastjórar frá Stavanger og Esbjerg, leik- og grunnskólastjórar frá Vasa í Finnlandi og nokkrir hópar skólafólks frá Noregi. Menntasvið tók einnig á móti háskólakennurum frá Skotlandi og Ástralíu og í lok árs heimsótti hópur skólafólks frá Oxford aðalskrifstofu sviðsins og skólastofnanir. Þar voru á ferð forstöðumenn leikskólaskrifstofu, leikskólastjórar, kennsluráðgjafar og yfirmenn þjónustumiðstöðva sem vildu kynna sér uppbyggingu leikskóla og leikskólastarfs í Reykjavík. Verið er að endurskoða fyrirkomulag þjónustu við 0–6 ára börn í Oxford og voru sendir hópar til allra Norðurlanda til að kynna sér hvernig staðið er að menntun og umönnun yngstu barnanna. Árlegur fundur fræðslustjóra í höfuðborgum Norðurlanda var haldinn í Reykjavík 11.–13. júní. Meginefni fundarins var að þessu sinni niðurstöður Pisa-rannsóknanna - *PISA 2003 í nordisk perspektiv: Forskjeller og likheter mellom de nordiske lande*. Einnig voru á fundinum flutt ýmis erindi undir yfirskriftinni *Framtíðarskólinn*.



## Ráðstefnur og viðburðir

### Skóli á nýrri öld

Alls tóku 30 grunnskólar í Reykjavík þátt í sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur á nýbreytni- og þróunarverkefnum helgina 17.–19. febrúar. Hún var afar vel sótt og þótti takast mjög vel í alla staði. Dagskráratriði á sviði drógu einnig marga að og mátti sjá stolta foreldra, systkini, afa og ömmur fylgjast með börnunum skemmta með söng, dansi, leiklist og hljóðfæraleik. Yfir 500 grunnskólanemar komu fram og mörg þúsund manns skoðuðu sýninguna og fylgdust með skemmtiatriðum. Málþing 8.–10. bekkinga um nemendalýðræði var haldið laugardaginn 18. febrúar þar sem borgarfulltrúar og grunnskólanemar skiptust á skoðunum.



### Ráðstefna grunnskólakennara

#### Einstaklingsmiðað nám – fræðin í framkvæmd

Bandaríska fræðikonan Carol Ann Tomlinson var aðalfyrirlesari á ráðstefnunni *Skóli á nýrri öld* sem haldin var fyrir grunnskólakennara í Reykjavík 1. mars 2006. Hátt í sjö hundruð grunnskólakennara úr nær öllum skólum borgarinnar sóttu ráðstefnuna. Mikill fengur var að fá Carol Ann Tomlinson hingað til lands, en hún er höfundur margra bóka um einstaklingsmiðað nám og sveigjanlega kennsluhætti. Að loknum fyrirlestri hennar voru haldnar sex málstofur undir yfirsögninni *Að lesa heiminn* þar sem kynnt voru ýmis verkefni sem verið er að vinna að í grunnskólum borgarinnar.

### Eilífðarferðalag með mörgum áfangastöðum – málþing um heilsueflingu í leikskólum

Menntasvið Reykjavíkurborgar efndi 29. nóvember til málþings í K.H.Í. um heilsueflingu í leikskólum undir yfirsögninni *Eilífðarferðalag með mörgum áfangastöðum*. Með því lauk heilsueflingarátaki í leikskólum borgarinnar sem hófst árið 2000. Verkefnið hefur hlotið mörg alþjóðleg verðlaun og viðurkenningar, m.a. frá Evrópuráðinu, evrópska samstarfsnetinu um heilsueflingu og Norræna vinnuvistfræðifélaginu NES.

### EECERA

Ráðstefna EECERA, Evrópusamtaka um menntunarrannsóknir yngri barna, var haldin við Kennaraháskóla Íslands dagana 30. ágúst – 2. september. Yfirskrift hennar að þessu sinni

var *Lýðræði og menning í menntun yngri barna*. Ráðstefnan var sú fjölmennasta hingað til, en yfir 600 manns frá 43 löndum sóttu hana.



#### **Vetrarhátíð**

Leikskólar tóku virkan þátt í Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar dagana 24–26. febrúar 2006. Leikskólabörn sóttu m.a. listasmiðju ljóss og skugga í Fríkirkjunni og gleymdu sér við að skapa ævintýramyndir í lofti og á veggjum kirkjuskipsins. Þá voru börn af leikskólunum Hofi, Laugaborg og Lækjaborg með sýningu á myndlistarverkum í trjánum fyrir utan garðskálann í Grasagarðinum. Aðrir leikskólar heim sóttu stofnanir og fyrirtæki, sungu fyrir starfsfólk og gesti og gáfu listaverk. M.a. heimsóttu leikskólabörn eldri borgara, fjölmiðla og hjúkrunarstofnanir.

#### **50 ára afmæli skólahljómsveita**

Húsfyllir var á hátíðartónleikum skólahljómsveita í Háskólabíói laugardaginn 18. mars. Um 400 grunnskólanemar léku þar af hjartans list á hin ýmsu ásláttar- og blásturshljóðfæri. Tónleikarnir þóttu heppnast mjög vel og var ungum flytjendum og stjórnendum sveitanna klappað lof í lófa. Í tilefni afmælisins var gefinn út bæklingur um sögu skólahljómsveitanna í Reykjavík.

#### **Stórafmæli í 7 leikskólum og 6 grunnskólum**

Afmælishátíð var í **Breiðagerðisskóla** laugardaginn 1. apríl í tilefni af fimmtíu ára afmæli skólans. Af því tilefni var frumfluttur nýr skólasöngur eftir Þorvald Björnsson fyrrverandi tónmenntakennara við texta eftir Sigrúnu Erlu Hákonardóttur sem nú kennir tónmennt við skólann.

**Laugarnesskóli** fagnaði 70 ára afmæli á vordögum. Stór sýning var haldin í skólanum á verkum nemenda og nýr skólasöngur eftir Báru Grímsdóttur og Iðunni Steinsdóttur var frumfluttur. Þá var sýning sett upp á vegum Borgarskjallasafns Reykjavíkur þar sem varpað var ljósi á sögu skólans og skólastarfsins.

**Réttarholtsskóli** fagnaði hálftrar aldar starfsafmæli laugardaginn 20. maí með rokkhátíð á skólalóðinni þar sem 13 hljómsveitir, skipaðar gömlum nemendum úr skólanum, tróðu upp.

**Hlíðarskóli** fagnaði einnig hálftrar aldar afmæli á vordögum með mikilli sýningu á verkum nemenda. Þá var afhjúpað sameiginlegt listaverk nemenda sem þeir færðu skólanum til eignar.



**Melaskóli** hélt upp á 60 ára afmæli í október. Tímamótanna var minnst með veglegri afmælisveislu í skólanum og frumflutningi á nýjum skólasöng eftir þá Ólaf Jóhannsson og Gunnar Gunnarsson. Þá var gefin út ljóðabók með ljóðum nemenda svo og bók um sögu skólans.

#### **Leikskólar sem áttu stórafmæli 2006**

Laugaborg 40 ára  
Foldaborg 20 ára  
Furuborg 20 ára  
Nóaborg 20 ára  
Hof 10 ára  
Laufskálar 10 ára  
Seljakot 10 ára

## Nýir skólar, viðbyggingar og skóflustungur

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri opnaði 1. febrúar nýja viðbyggingu við leikskólann Hálsakot. Eftir stækkun er Hálsakot fjögurra deilda leikskóli fyrir 80 börn.

Leikskólinn **Skógarborg** flutti í júní í nýtt og rúmgott húsnæði við Efstaland 28. Þar er rými fyrir 55 börn á þremur deildum. Stórt leiksvæði í einstakri náttúru Fossvogsdalsins er í kringum leikskólann og er hann vel búinn leiktækjum.

Þann 21. júní tóku börn í **Álftaborg** fyrstu skóflustungur að nýjum leikskóla. Til stendur að byggja fjögurra deilda leikskóla á samliggjandi lóðum við Safamýri 30 og 32. Ráðgert er að nýi leikskólinn verði formlega opnaður sumarið 2007.

### Borgin kaupir leikskólann Vinagerði

Síðsumars 2006 festi Reykjavíkurborg kaup á húsnæði leikskólans **Vinagerðis** að Langagerði 1. Þar hefur um árabíl verið rekinn leikskóli, lengst af á vegum K.F.U.M og K, en Vinagerði hóf þar starfsemi árið 2002. Í Vinagerði dvelja að jafnaði 74 börn og tók borgin við rekstri leikskólans 1. september.

Ný viðbygging við **Laugarnesskóla** var formlega tekin í notkun 6. desember. Viðbyggingin er tæplega 1.700 fermetrar og tengist gamla skólahúsinu með glergangi. Í viðbyggingu er fjölnota salur, sem notaður er sem skólamötuneyti og til æfinga fyrir skólahljómsveit. Þar eru einnig rúmgóðar kennslustofur fyrir tónlist, verk- og listgreinar, listasmiðja og samkennslurými fyrir yngstu börnin sem nýtist jafnframt sem frístundaheimili.


Leikskólastjóri og börnin í leikskólanum **Rofaborg** tóku saman fyrstu skóflustungurnar að nýrri og glæsilegri viðbyggingu 14. desember 2006. Viðbyggingin verður 320 fermetrar að stærð. Þar verða tvær leikskóladeildir og sameiginlegt rými sem nýtist meðal annars til listsköpunar. Eftir stækkun mun Rofaborg geta tekið við 110 börnum, en þar dvelja nú 80 börn. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við viðbyggingu verði lokið að ári.

### Ný hugmynda- og sköpunarsmiðja í Fellaskóla

Menntaráð Reykjavíkur ákvað á síðasta fundi sínum fyrir kosningar vorið 2006 að setja á laggirnar nýja hugmynda- og sköpunarsmiðju fyrir grunnskólanema. Hún verður starfrækt í Fellaskóla í Breiðholti, í húsnæði sem áður hýsti félagsmiðstöðina Fellahelli. Þar verður aðstaða fyrir skapandi æskufólk sem vill samþætta fleiri listgreinar, s.s. tónlist, leiklist og upplýsingatækni. Nemendur úr öllum grunnskólum í Reykjavík munu eiga þess kost að vinna þar um tíma.

### Náttúruskóli Reykjavíkur

Í ágúst hófst starfsemi Náttúruskóla Reykjavíkur í nýrri útikennslustofu við Elliðavatn, en skólinn er samstarfsverkefni Menntasviðs og Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Landverndar. Útikennslustofan er í tveimur trjálundum steinsnar frá gamla Elliðavatnsbænum.



## 4. SKÓLASTARF Í TÖLUM

### Leikskólar

Á árinu 2006 voru 80 almennir leikskólar starfandi í Reykjavík og 13 einkareknir. Reykjavíkurborg tók við rekstri Vinagerðis 1. september 2006 og Félagsstofnun stúdenta tók við rekstri leikskólans Leikgarðs. Mánagarður og Mýri voru enn með sérstakan þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

Haustið 2006 voru alls 6.334 börn í leikskólum borgarinnar. Alls voru 5.799 börn í 80 almennum leikskólum og 535 alls í 13 einkareknum. Nær 94% barna sem dvöldu í leikskólum borgarinnar á árinu 2006 voru þar í 7–9 stundir, en 6,5% voru í hálf dagsvistun. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1999 voru 58% barna í heilds dagsvistun í leikskólum Reykjavíkur.

Tafla 4.1. Fjöldi barna í almennum leikskólum Reykjavíkur í október 2006 og stofnár leikskóla

Leikskólar	Fjöldi barna	Stofnár	Leikskólar	Fjöldi barna	Stofnár	Einkareknir leikskólar	Fjöldi barna
Arnarborg	66	1972	Jörfi	104	1997	Fossakot	68
Austurborg	94	1974	Klambrar	87	2002	Korpukot	94
Álfaborg	62	1968	Klettaborg	83	1990	Leikgarður	17
Árborg	65	1969	Kvarnaborg	60	1987	Leikskólinn 101	27
Ásborg	109	1987	Kvistaborg	67	1972	Lundur	28
Bakkaborg	96	1972	Laufásborg	99	1952	Ós	24
Bakki	74	2003	Laufskálar	91	1996	Regnboginn	66
Barónsborg	35	1950	Laugaborg	103	1966	Skerjagarður	46
Berg	45	2004	Lindaborg	59	1994	Sólgarður	45
Blásalir	89	2000	Lyngheimar	107	1998	Sælukot	23
Brákarborg	53	1952	Lækjarborg	66	1972	Vinaminni	37
Brekkuborg	80	1992	Maríuborg	114	2002	Höfn	35
Drafnaborg	36	1950	Mánagarður	64	1996	Sólstafir	25
Dvergasteinn	63	1998	Múlaborg	82	1975	<b>Samtals:</b>	<b>535</b>
Engjaborg	87	1994	Mýri	44	1989		
Fálkaborg	61	1980	Njálaborg	53	1981		
Fellaborg	56	1973	Nóaborg	68	1986		
Fífuborg	85	1993	Rauðaborg	60	1994		
Foldaborg	64	1986	Reynisholt	68	2005		
Foldakot	49	1992	Rofaborg	81	1985		
Funaborg	52	1994	Seljaborg	64	1977		
Furuborg	63	1986	Seljakot	59	1996		
Garðaborg	54	1983	Sjónarhóll	63	1999		
Geislabaugur	118	2004	Skógarborg	52	1969		
Grandaborg	63	1985	Sólbakki	51	2004		
Grænborg	85	1931	Sólborg	73	1994		
Gullborg	80	1990	Sóhlíð	86	1968		
Hagaborg	100	1960	Stakkaborg	74	1983		
Hamraborg	85	1964	Steinahlíð	33	1949		
Hamrar	125	2001	Suðurborg	130	1979		
Hálsaborg	64	1980	Sunnuborg	93	1970		
Hálsakot	78	1985	Sæborg	84	1993		
Heiðarborg	84	1990	Tjarnarborg	44	1941		
Hlíðaborg	42	1960	Vesturborg	67	1979		
Hlíðarendi	24	1963	Vinagerði	44	2006		
Hof	109	1996	Völvuborg	51	1974		
Holtaborg	64	1969	Ægjsborg	70	1982		
Hólaborg	67	1977	Öldukot	44	1989		
Hraunborg	69	1984	Ösp	62	1980		
Hulduheimar	93	1997	<b>Samtals:</b>	<b>5.799</b>			
Jöklaborg	107	1988					


Tafla 4.2. Heildarfjöldi barna eftir gerð leikskóla að hausti 2000–2006 <sup>1)</sup>

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
<b>Almennir leikskólar</b>	5.240	5.462	5.772	5.810	5.800	5.729	5.799
<b>Einkareknir leikskólar</b>	430	572	590	576	640	648	535
<b>Samtals</b>	5.670	6.034	6.362	6.386	6.440	6.377	6.334

<sup>1)</sup> Reykvísk börn í einkareknum leikskólum utan Reykjavíkur ekki talin með.

Nær 94% barna sem dvöldu í leikskólum borgarinnar á árinu 2006 voru þar í 7–9 stundir, en 6,5% voru í hálf dagsvistun. Til samanburðar má geta þess að á árinu 1999 voru 58% barna í heilsdagsvistun í leikskólum Reykjavíkur.

Mynd 4.1. Hlutfall barna í hálf dags- og heilsdagsdvöl (7 stundir eða meira) á árunum 1999–2006



Tafla 4.3. Fjölgun leikskólaryma eftir hverfum frá 1994–2006


	Fjöldi rýma í nýjum leikskólum	Ný rými vegna viðbygginga	Fjölgun/fækkun rýma í einkareknum leikskólum	Samtals ný rými frá 1994
<b>Vesturbær</b>	64	80	-25	119
<b>Miðborg-Hlíðar</b>	217	15	35	267
<b>Laugardalur-Háaleiti</b>	205	57	147	409
<b>Árbær-Grafarholt</b>	446	39	0	485
<b>Grafarvogur-Kjalarnes</b>	654	87	35	776
<b>Breiðholt</b>	58	62	0	120
<b>Samtals:</b>	1644	340	192	2176

### Börn af erlendum uppruna í leikskólum

Alls voru 640 börn af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar og hafði þeim fækkað um 27 frá árinu 2005. Engu að síður eru þau um 10 af hundraði allra leikskólabarna í borginni. Í þessum hópi eru börn sem eiga foreldra af erlendum uppruna, óháð því hvort þau hafa erlendan eða íslenskan ríkisborgararétt, 385 þeirra áttu annað foreldri íslenskt.

Flest börn af erlendum uppruna voru í Breiðholti eða 209 og í einum leikskóla var helmingur barna af erlendum uppruna. Algengustu þjóðerni voru filippínskt, pólskt og tælenskt, en alls voru börn af 85 þjóðernum í leikskólunum.

**Mynd 4.2. Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkur eftir hverfum haustið 2006**





### Daggæsla barna í heimahúsum

Samtals voru 868 börn í daggæslu í heimahúsum í Reykjavík haustið 2006 og hafði þeim fjölgað um 180 milli ára. Langflest barnanna eða 89% dvöldu allan daginn hjá dagforeldrum í nóvember 2006. Alls 64 börn með lögheimili utan Reykjavíkur voru í vistun hjá dagforeldrum í borginni og 87 börn með lögheimili í Reykjavík voru í vistun utan borgarmarkanna.


Í árslok 2006 voru 177 dagforeldrar starfandi í Reykjavík. Undanþáguleyfi (ömmu- og au-pair leyfi) voru 33 og fjölgaði þeim um 11 frá árinu 2005. 14 ný leyfi voru veitt á árinu til dagforeldra.

Niðurgreiðslur til dagforeldra á árinu 2006 voru um 238 milljónir kr. en til samanburðar voru þær 151 milljónir kr. á árinu 2005.

Tafla 4.4. Aldursskipting barna hjá dagforeldrum í Reykjavík nóvember 2006

Fæðingarár	Alls
2001	3
2002	2
2003	6
2004	48
2005	674
2006	135
<b>Alls</b>	<b>868</b>

Mynd 4.3. Barnafjöldi hjá dagforeldrum 1994–2006



## Grunnskólar

Haustið 2006 voru 35 almennir grunnskólar starfandi í Reykjavík, 5 einkareknir grunnskólar og 3 sérskólar. Opnun Sæmundarskóla í Grafarholti var undirbúin og tók hann til starfa í byrjun árs 2007.

## Nemendafjöldi

Nemendur í almennum grunnskólum í Reykjavík voru 14.358 þann 1. október 2006 og hafði fækkað um tæplega 200 frá því á sama tíma árinu áður. Að jafnaði voru 20,7 nemendur í hverri bekkjardeild. Fjöldi nemenda í sérskólum var 157 og hafði fjölgað um 12 frá fyrra ári. Nemendur í einkareknum grunnskólum voru 390, ef fimm ára nemendur eru ekki taldir með, og hafði fjölgað um 28 á milli ára.

Tafla 4.5. Fjöldi nemenda í almennum grunnskólum haustið 2006 og stofnár skóla

	Skólastig	Fjöldi nemenda	Stofnár
Austurbæjarskóli	1.–10. bekkur	561	1930
Álftamýrarskóli	1.–10. bekkur	356	1964
Árbæjarskóli	1.–10. bekkur	805	1967
Ártúnsskóli	1.–7. bekkur	149	1987
Borgaskóli	1.–10. bekkur	361	1998
Breiðagerðisskóli	1.–7. bekkur	347	1955
Breiðholtsskóli	1.–10. bekkur	538	1969
Engjaskóli	1.–10. bekkur	329	1995
Fellaskóli	1.–10. bekkur	349	1975
Foldaskóli	1.–10. bekkur	477	1985
Fossvogsskóli	1.–7. bekkur	303	1971
Grandaskóli	1.–7. bekkur	309	1986
Hagaskóli	8.–10. bekkur	532	1958
Hamraskóli	1.–10. bekkur	317	1991
Háteigsskóli	1.–10. bekkur	407	1968
Hlíðaskóli	1.–10. bekkur	560	1955
Hólabrekkuskóli	1.–10. bekkur	548	1974
Húsaskóli	1.–10. bekkur	345	1991
Hvassaleitisskóli	1.–10. bekkur	236	1966
Ingunnarskóli	1.–8. bekkur	441	2001
Ingunnarskóli/Sæmundarsel	1.–4. bekkur	137	2004
Klébergsskóli	1.–10. bekkur	168	1929
Korpuskóli	1.–10. bekkur	242	1999
Langholtsskóli	1.–10. bekkur	580	1952
Laugalækjarskóli	7.–10. bekkur	279	1960
Laugarnesskóli	1.–6. bekkur	390	1935
Melaskóli	1.–7. bekkur	597	1936
Norðlingaskóli	1.–6. bekkur	104	2005
Réttarholtsskóli	8.–10. bekkur	356	1956
Rimaskóli	1.–10. bekkur	742	1993
Selásskóli	1.–7. bekkur	306	1986
Seljaskóli	1.–10. bekkur	697	1979
Vesturbæjarskóli	1.–7. bekkur	263	1958
Víkurskóli	1.–10. bekkur	259	2001
Vogaskóli	1.–10. bekkur	392	1959
Ölduselsskóli	1.–10. bekkur	576	1975
<b>Samtals</b>		<b>14.358</b>	

**Tafla 4.6. Heildarfjöldi nemenda eftir gerð skóla að hausti 1997–2006 <sup>1)</sup>**

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
<b>Almennir grunnskólar</b>	13.844	14.103	14.242	14.459	14.707	14.909	14.870	14.844	14.568	14.358
<b>Sérskólar</b>	177	160	165	175	176	159	150	152	145	157
<b>Einkareknir grunnskólar</b>	521	524	518	544	498	427	409	357	362	390
<b>Samtals</b>	<b>14.542</b>	<b>14.787</b>	<b>14.925</b>	<b>15.178</b>	<b>15.381</b>	<b>15.495</b>	<b>15.429</b>	<b>15.353</b>	<b>15.075</b>	<b>14.905</b>

<sup>1)</sup> Alls 86 fimm ára nemendur í einkaskólum ekki taldir með.

**Tafla 4.7. Fjöldi nemenda í sérskólum á grunnskólastigi haustið 2006**

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda
<b>Brúarskóli</b> Nemendur í geðrænum og félagslegum vanda	4.–10. bekkur	39
<b>Safamýrarskóli</b> Fjölfatlaðir nemendur	2.–10. bekkur	17
<b>Öskjuhlíðarskóli</b> Greindarskertir nemendur	1.–10. bekkur	101
<b>Samtals</b>		<b>157</b>

**Tafla 4.8. Fjöldi nemenda í einkareknum grunnskólum haustið 2006**

Skóli	Skólastig	Fjöldi nemenda <sup>4)</sup>
<b>Landakotsskóli <sup>1)</sup></b>	1.–10. bekkur	125
<b>Skóli Ísaks Jónssonar <sup>2)</sup></b>	1.–3. bekkur	139
<b>Suðurhlíðarskóli<sup>3)</sup></b>	1.–10. bekkur	45
<b>Tjarnarskóli</b>	8.–10. bekkur	31
<b>Waldorfskólinn Sólstafir</b>	1.–9. bekkur	50
<b>Samtals</b>		<b>390</b>


1) Að auki voru 12 fimm ára nemendur í Landakotsskóla.

2) Að auki var 71 fimm ára nemandi í Skóla Ísaks Jónssonar.

3) Að auki voru 3 fimm ára nemendur í Suðurhlíðarskóla.

4) Alls nemendur 476.

**Mynd 4.4. Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjavíkur 1991–2012**




Fjórða árið í röð fækkar nemendum í grunnskólum Reykjavíkur. Til grundvallar spánni á mynd 4.4. eru annars vegar lagðar tölur um fjölda fæddra barna í Reykjavík árin 1969–2005 og hins vegar fjöldi barna 6–15 ára í skólum borgarinnar árin 1984–2006 (sérskólar taldir með frá 1999). Á tímabilinu 1984–2006 er breytilegt hversu stórt hlutfall af fæðingarágöngum er í skólunum á hverjum tíma eða allt frá 84%–98%. Miðað er við að 85% af fæðingarágöngum séu í skólunum í lægstu spánni en 86–87% í hæstu spánni. Haustið 2006 voru 86%, barna fædd í Reykjavík á árunum 1991–2000, í grunnskólum Reykjavíkur.

**Grunnskólanemar af erlendum uppruna**

Alls fengu 389 nemendur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli árið 2006. 98 nemendur stunduðu nám í móttökudeildum fyrir börn af erlendum uppruna haustið 2006, en þær eru í Austurbæjar-, Breiðholts- og Háteigsskóla. Flestir nemendur sem fá íslenskukennslu eru frá Filippseyjum, Póllandi og Tælandi.

**Mynd 4.5. Fjöldi nemenda með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eftir hverfum haustið 2006**



**Tafla 4.9. Algengasta þjóðerni nemenda sem fengu kennslu í íslensku sem öðru tungumáli\***

	2003–2004	2004–2005	2005–2006	2006–2007
<b>Filippseyjar</b>	74	84	51	54
<b>Pólland</b>	23	33	33	51
<b>Tæland</b>	33	45	29	30
<b>Víetnam</b>	59	61	29	28
<b>Litháen</b>	24	31	17	27
<b>Kolumbía</b>	-	-	14	13
<b>Kína</b>	19	20	13	13
<b>Rússland</b>	15	10	6	11
<b>Bandaríkin</b>	12	15	13	10
<b>Frakkland</b>	-	-	-	8
<b>Pýskaland</b>	-	-	-	7
<b>Nepal</b>	-	7	10	7
<b>Serbía</b>	20	7	-	6
<b>Portúgal</b>	-	-	-	6
<b>Albanía</b>	10	9	-	-
<b>Bretland</b>	6	9	7	-
<b>Danmörk</b>	-	6	-	-
<b>Sri Lanka</b>	9	6	6	-
<b>Noregur</b>	9	-	-	-
<b>Japan</b>	7	-	-	-
<b>Lettland</b>	-	-	6	-

\* Miðað er við 6 eða fleiri nemendur af sama þjóðerni

### Skólamötuneyti

Miklar framfarir urðu á árinu í þjónustu skólamötuneyta. Alls buðu 32 almennir grunnskólar nemendum sínum í öllum bekkjum upp á að kaupa heitan hádegismat. Í Austurbæjarskóla og Sæmundarseli var slíkt í boði fyrir 1.–7. bekk, í Vogaskóla fyrir 1.–4. bekk en í Ölduselsskóla var ekki boðið upp á hádegismat í mötuneyti skólaárið 2005–2006. Meðalverð á máltíð grunnskólanna var 269 krónur.

Alls nýttu 4.636 nemendur eða 87% nemenda á yngsta stigi (1.–4. bekk) sér skólamötuneytið, á miðstigi (5.–7. bekk) voru þeir 3.110 eða rúmlega 73% nemenda. Nemendur á efsta stigi (8.–10. bekk) notfærðu sér skólamötuneytið minnst eða rúmlega 43% þeirra. Þannig nýttu sér rúmlega 9.600 nemendur af 14.600 nemendum í almennum grunnskólum mötuneyti í skólanum eða um 66%.



### Skólahljómsveitir

Niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal forráðamanna barna í skólahljómsveitum sýndu að níu af hverjum tíu voru ánægðir með einkakennslu sem börn þeirra fengu og töldu að barni þeirra liði vel í tónlistarnáminu. Um 80% forráðamanna voru ánægð með hljómsveitaræfingarnar. Könnunin leiddi líka í ljós að meira en helmingur nemenda æfði sig í 1–2 klukkustundir á viku á hljóðfærið og að um 70% foreldra barna á aldrinum 7–10 ára aðstoðuðu börnin við æfingar. Vel á fjórða hundrað foreldra og forráðamanna svöruðu könnuninni sem gerð var á tímabilinu 20. nóvember til 10. desember 2006.

## Starfsmenn og starfspróun

Haustið 2006 störfuðu um 4.200 starfsmenn á Menntasviði Reykjavíkurborgar, þ.e. í leik- og grunnskólum, í skólahljómsveitum, hjá Námsflokkinum og á aðalskrifstofu Menntasviðs. Þar af voru rúmlega 2.200 í grunnskólum og um 1.800 í leikskólum.



Starfsmenn leikskóla skiptust í rúmlega 650 leikskólakennara, þroskaþjálfara og starfsmenn með aðra háskólamenntun í uppeldisgreinum. Alls voru 60 starfsmenn með háskólamenntun í öðrum greinum. Leiðbeinendur og starfsmenn í mótuneytum voru tæplega 1100.

Í grunnskólunum störfuðu rúmlega 1.500 manns, grunnskólakennarar, stjórnendur, námsráðgjafar, leikskólakennarar, þroskaþjálfarar eða bókasafnsfræðingar. Um 680 manns störfuðu sem skólaliðar, stuðningsfulltrúar, ritarar, umsjónarmenn, tölvuumsjónarmenn, í mótuneytum og við ræstingar.

Á haustdögum var töluverð mannekla í leikskólum borgarinnar. Af þeim sökum urðu tafir á því að unnt væri að taka öll börn sem fengið höfðu boð um leikskólarými inn í leikskólana. Starfsmannaþjónusta, í samvinnu við leikskólaskrifstofu, aðstoðaði við að leita að og ráða starfsmenn og skipuleggja starfið með það að markmiði að minnka eða koma í veg fyrir skerðingu á vistun.

### Viðhorfskannanir

Stjórnsýslu- og starfsmannasvið Reykjavíkurborgar lét gera viðhorfskönnun meðal starfsmanna borgarinnar í maí. Fyrirhugað er að gera slíka könnun árlega og nýta niðurstöður hennar fyrir skorkort borgarinnar.

### Námskeið

Á árinu 2006 voru haldin 42 námskeið á vegum starfsmannaþjónustu Menntasviðs og sátu þau 927 starfsmenn leik- og grunnskóla. Fjölmennustu námskeiðin voru fyrir ófaglært starfsfólk skólanna. Hjá leikskólunum útskrifuðust í maí í samvinnu við Mími-símenntun 55 leiðbeinendur af fagnámskeiði II sem miðaði að því að efla þekkingu og færni þeirra með námi í þroskasálfræði, uppeldisfræði, tónlist, framsögn og fleiru.

Fjölmennst námskeið um skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms var haldið fyrir deildarstjóra grunnskólanna svo og námskeið um innleiðingu breytinga fyrir skólustjóra og aðstoðarskólustjóra. Þá tóku 20 grunnskólar þátt í Olweusar-áætluninni um aðgerðir gegn einelti.

Sumarið 2006 var hrint af stað átaksverkefni um bætt samskipti í skólum sem m.a. fól í sér námskeið fyrir fagmenntað starfsfólk grunn- og leikskóla í aðferðum til að fyrirbyggja og takast á við erfiða hegðun. Markmiðið með námskeiðinu *Lausnamiðað ferli til að takast á við erfiða hegðun nemenda* var að innan skólanna yrðu starfandi öflug stuðningsteymi til að sinna lausnamiðaðri ráðgjöf vegna hegðunarerfiðleika nemenda. Á haustmánuðum tóku 27 starfsmenn úr fjórum skólum í Grafarvogi og Kjalarnesi þátt í þessu yfirgripsmikla námskeiði, ásamt fagfólki frá Miðgarði. Fagmenntuðu starfsfólki leikskóla var boðið upp á námskeiðið *Leiðir til að fyrirbyggja og takast á við erfiða hegðun* þar sem fjallað var um leiðir til að skipuleggja deildarstarfið þannig að það ýti undir jákvæða hegðun, aðferðir til að kenna félagsfærni og einstaklingsmiðuð úrræði. 36 starfsmenn úr 17 leikskólum sóttu þetta námskeið í nóvember.

Árlegur námskeiðsdagur leikskólustjóra var haldinn í október á Þingvöllum. Áhersla var að þessu sinni lögð á stjórnun frammistöðu og fjallað var um hvað leik- og grunnskólinn eiga sameiginlegt.

Skólastjórar grunnskólanna sóttu árslangt námskeið sem stóð einn heilan dag í mánuði og hét *Bætt hegðum – samskipti í skólum*.

Verkefni á vegum Menntasviðs og grunnskólanna í Reykjavík fengu styrki að andvirði 3.038.000 kr. úr endurmenntunarsjóði grunnskóla á vegum menntamálaráðuneytis.

Það verkefni sem fékk hæsta styrkinn var námskeið í *Tölvutökum* sem miðar að því að efla færni kennara til tölvunotkunar í kennslu. Þess skal getið að grunnskólarnir fá framlög vegna símenntunar kennara sem þeir ráðstafa sjálfir.



### **Námsstyrkir**

Markmið námsstyrkjasjóðs leikskólanna er að hvetja starfsmenn leikskóla til að afla sér viðbótarþekkingar erlendis á sviði leikskólafræða. Námsstyrkir eru veittir til náms- og kynnisferða og þátttöku í ráðstefnum og námskeiðum. Allir starfsmenn sem hafa starfað hjá Reykjavíkurborg í a.m.k. fimm ár og eru í starfi þegar úthlutun fer fram geta sótt um styrki úr sjóðnum. Úthlutað var á árinu styrkjum til 121 starfsmanns í 10 leikskólum, samtals 4 milljónir, til náms- og kynnisferða til sjö landa.

Árið 2006 fengu 14 leikskólakennarar námsleyfi til að stunda framhaldsnám í 3–9 mánuði. 13 grunnskólakennarar og skólastjórnendur fengu úthlutað námsleyfi úr verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands. Einnig fengu 16 grunnskólakennarar og skólastjórnendur við grunnskóla í Reykjavík úthlutað námsleyfi í eitt ár úr námsleyfasjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga og var það um 31% úthlutana úr sjóðnum.

**Tafla 4.10. Námskeið á vegum Menntasviðs Reykjavíkur 2006**

Heiti/inntak	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi hvers námskeiðs	Fjöldi sem lauk námskeiði
Athyglisbrestur með/án ofvirkni	Leikskólakennarar	1	8	25
Daglegt líf í leikskóla	Starfsfólk leikskóla	1	4	25
Fagnámskeið I fyrir starfsmenn eldhúsa	Starfsfólk í mótuneytum leikskóla	1	60	11
Fagnámskeið II fyrir starfsmenn eldhúsa	Starfsfólk í mótuneytum leikskóla	1	60	15
Fagnámskeið III fyrir starfsmenn eldhúsa	Starfsfólk í Eflingu	1	80	7
Fagnámskeið III fyrir starfsmenn leikskóla	Starfsfólk í Eflingu	1	60	15
Fjölmenningarlegur leikskóli	Starfsfólk í Eflingu	1	4	17
Forsendur og framvinda lestrarnáms í leikskóla	Leikskólakennarar	1	8	44
Hreyfipjálfun leikskólabarna	Starfsfólk í Eflingu	1	4	19
Innra eftirlit í leikskólaeldhúsum	Starfsfólk í mótuneytum leikskóla	4	4	70
Kynningarfundur fyrir starfsmenn sérkennslu	Leikskólakennarar	1	4	30
Könnunaraðferðin	Starfsfólk í Eflingu	1	4	23
Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun	Leikskólakennarar	1	8	35
Leiðtoganámskeið fyrir leikskólastjóra	Leikskólastjórar	1	64	80
Leikræn tjáning	Starfsfólk í Eflingu	1	12	14
Leikræn tjáning - frh.	Starfsfólk í Eflingu	1	4	11
Líkamsvitund og líkamsbeiting	Starfsfólk leikskóla	1	4	17
Málþing um heilsueflingu	Starfsfólk leikskóla	1	4	91
Málþroski barna	Starfsfólk í Eflingu	1	8	21
Myndlist með börnum	Starfsfólk í Eflingu	1	12	31
Nýliðafræðsla	Starfsfólk í Eflingu	1	4	29
Nýliðanámskeið	Starfsfólk í Eflingu	2	4	60
PMT	Leikskólakennarar	1	20	22
Sjálfsþing og samskipti	Starfsfólk í Eflingu	3	12	28
Skapandi starf með leikskólabörnum	Leikskólakennarar	1	16	31
Slysavarnir og skyndihjálp	Starfsfólk leikskóla	1	8	26
Snemmtæk íhlutun fyrir börn á leikskólaaldri	Starfsfólk leikskóla	1	8	20
Starfsfélagahandleiðsla	Deildarstjórar í leikskólum	1	8	31
Stjórnun og starfsfélagahandleiðsla	Deildarstjórar í leikskólum	1	20	65
Sögumenning	Starfsfólk í Eflingu	1	4	25
Tákn með tali - framhaldsnámskeið	Starfsfólk leikskóla	1	6	34
Tákn með tali - grunnnámskeið	Starfsfólk leikskóla	1	6	39
Teiknað með tölvu	Leikskólakennarar	1	4	17
Tónlist I	Starfsfólk í Eflingu	1	8	25
Uppbótanámskeið	Starfsfólk í Eflingu	1	70	26
Uppeldi leikskólabarna I	Starfsfólk í Eflingu	1	12	21
Uppeldi leikskólabarna II	Starfsfólk í Eflingu	1	8	15
Upplýsingatækni í leikskólastarfi	Leikskólakennarar	1	4	18
Þroski og þróun leikskólabarna	Starfsfólk í Eflingu	1	12	15
Þroski og þróun leikskólabarna-þroskafrávik	Starfsfólk í Eflingu	1	12	10
Fagnámskeið I	Starfsfólk í mótuneytum grunnskóla	2	60	40
Fagnámskeið II	Starfsfólk í mótuneytum grunnskóla	2	60	40
“Námskeið skólustjóra, Bætt hegðun - samskipti í skólum”	Skólustjórar grunnskóla Reykjavíkur, starfsfólk grunnskólaskrifstofu, deildarstjórar þjónustum.	1	48 (24 á árinu 06)	55
Fræðsla fyrir nýliða í kennslu	Nýliðar í kennslu og leiðsagnarkennarar	1	3	31
Námskeið um niðurstöður kannana og rannsóknna	Stjórnendateymi grunnskóla	1	15 (9 á árinu 06)	52
Picture Exchange Communication System - PECS	Sérkennarar	1	14	24
Tölvutök	Handleiðarar í verkefnum	1	20	16
Tölvutök <sup>1)</sup>	Kennarar í grunnskólum Reykjavíkur	Heildstætt námskeið	stendur yfir	400
<b>Samtals</b>		<b>55</b>	<b>1.012 <sup>2)</sup></b>	<b>1.416</b>

<sup>1)</sup> Þetta námskeið er undanskilið í öllum samtölum.

<sup>2)</sup> Hér er aðeins talinn fjöldi kennslustunda á árinu 2006.



## 5. STARFSEMI LEIKSKÓLA

Á árinu 2006 var unnið markvisst að því að koma stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum í framkvæmd í leikskólum og vinna að þeirri framtíðarsýn sem lýst var í starfsáætlunum Leikskóla Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar 2005. Leikskólinn gegnir mikilvægu hlutverki í að skapa börnum góðar aðstæður til upveldis og vaxtar og nýtur samkvæmt könnunum síðustu ára mikils trausts foreldra. Kannanir sem gerðar voru í apríl og nóvember 2006 sýndu að 95% foreldra eru mjög eða frekar ánægð með leikskólann og telja 98% þeirra að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. Þann 1. janúar var fellt niður gjald á tveimur dvalarstundum fyrir öll börn í leikskólum samkvæmt ákvörðun menntaráðs frá árinu 2005. 1. september var námsgjald leikskólabarna lækkað um 25% og komið á systkinaafslætti þannig að foreldrar greiða einungis námsgjald fyrir eitt barn.

### Gjaldskrá leikskóla Reykjavíkur - gilti frá 1. september 2006

Klst.	Gjald I		Gjald II		Gjald III	
	m/morg.mat	m/mat og hressingum	m/morg.mat	m/mat og hressingum	m/morg.mat	m/mat og hressingum
4	7.655		5.915		3.875	
5	8.465	11.965	6.508	10.008	4.213	7.713
6	14.395		11.785		8.725	
7	17.190		14.145		10.575	
8	18.810		15.330		11.250	
9	20.430		16.515		11.925	

### Gjaldskrá 5 ára barna - gilti frá 1. september 2006

Klst.	Gjald I		Gjald II		Gjald III	
	m/morg.mat	m/mat og hressingum	m/morg.mat	m/mat og hressingum	m/morg.mat	m/mat og hressingum
4	2.795		2.360		1.850	
5	3.605	7.105	2.953	6.453	2.188	5.688
6	9.535		8.230		6.700	
7	12.330		10.590		8.550	
8	13.950		11.775		9.225	
9	15.570		12.960		9.900	

Systkinaafsláttur er 100% með barni 2 eða fleirum. Reiknast alltaf á elsta barnið.

Gjald I greiða giftir foreldrar og sambúðarfólk

Gjald II greiða foreldrar þar sem annað foreldri er í námi

Gjald III greiða einstæðir foreldrar, foreldrar sem báðir eru í námi og annað eða bæði foreldrar öryrkjar.

## Stefnumörkun og framkvæmd

Framtíðarsýn leikskóla í Reykjavík byggir á einstaklingsmiðuðu námi. Unnið er með hverju barni samkvæmt einstaklingsáætlun, sem gerð er í samvinnu við foreldra, og endurspeglar þarfir og áhugasvið barnsins. Slíkar áætlanir hafa verið unnar í þriðjung leikskóla í borginni. Unnið er að því að byggja upp sterka sjálfsmynd og efla félagsfærni allra barna í leikskólum, án aðgreiningar.

Lögð er áhersla á að gera námsumhverfi barna þroskandi og hvetjandi og veita þeim tækifæri til að takast á við krefjandi verkefni. Í því skyni var m.a. settur af stað starfshópur á Menntasviði sem hefur það verkefni að þróa viðmið um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni barna. Einnig starfar hópur sem hefur það verkefni að styðja skóla til að efla málþroska og læsi. Ýmis námskeið voru á árinu 2006 í boði til að efla málþroska og læsi í leikskólum.

Sérstök áhersla var lögð á að hvetja leikskóla til að fá mat barnanna sjálfra og foreldra á framvindu í þroska og námi og á leikskólastarfinu í heild. Á árinu 2006 voru gerðar foreldrakannanir í hluta leikskóla borgarinnar og eru nokkrir þeirra að þróa form til að börnin geti sjálf metið leikskólastarfið.



### Framkvæmdir við leikskóla

Leikskólinn **Skógarborg** tók til starfa á haustmánuðum í nýju húsnæði. Leikskólarýmum fjölgaði úr 30 í 50 í nýja leikskólahúsnæðinu.

Leikskólinn **Leikgarður** var seldur Félagsstofnun Stúdenta á árinu 2006, en þar eru rými fyrir 68 börn. Við kaupin losnaði laus stofa við leikskólann **Ægisborg** sem Menntasvið fékk til umráða. Þar eru rými fyrir 24 börn.

Í ágúst voru samþykkt kaup borgarinnar á leikskólanum **Vinagerði** í Bústaðarhverfi. Hann er þriggja deilda og hefur rými fyrir 66 börn.

Á árinu var unnið að undirbúningi að leikskóla í **Norðlingaholti** sem ráðgert er að opni vorið 2007. Leikskólinn verður fjögurra deilda með rými fyrir 66 börn.

Þá var unnið að viðbyggingum við leikskólana **Rofaborg** og **Álftaborg** og verða þær opnaðar haustið 2007. Mun þá leikskólarýmum fjölga um 40 samanlagt.

Samanlagt fjölgaði leikskólarýmum í Reykjavík um 44 á árinu 2006.

### Stjórnendafræðsla

Á árinu var í samstarfi við starfsmannabjónustu boðið upp á stjórnendanám fyrir leikskólastjóra. Markmið var að efla fagstarf í leikskólum og tóku allir leikskólastjórar þátt í því. Kennslan stóð yfir frá janúar fram í desember og var kennt í alls 8 skipti.

Árlegur námskeiðsdagur leikskólustjóra var haldinn á Hótel Valhöll á Þingvöllum 3. nóvember 2006. Áhersla var lögð á starfsmannastjórnun og hélt Dr. Finnur Oddsson fyrirlestur um stjórnun frammistöðu. Einnig hélt Dr. Gerður G. Óskarsdóttir fyrirlestur um þróun skólastarfs. Að námskeiðsdegi loknum var móttaka fyrir leikskólustjóra á Hótel Valhöll.

7.–12. nóvember var 13 leikskólustjórum og fjórum starfsmönnum Menntasviðs boðið í náms- og kynnisferð til Skotlands. M.a. var farið á ráðstefnu á vegum *Learning and Teaching Scotland*. Hópurinn kynnti sér fyrirkomulag menntunar og þjónustu við yngstu börnin í leikskólum ásamt því að skoða 18 leik- og grunnskóla.

## Heimasíður

Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka upplýsingastreymi milli foreldra og leikskóla, m.a. með aukinni vefmiðlun. Á árinu var unnið að þarfagreiningu fyrir áframhaldandi vinnu við að efla heimasíður leikskóla og innleiða nýtt vefumsjónarkerfi.



## Fjölmenning í leikskólum

Börnum af erlendum uppruna í leikskólum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Leikskólar vinna samkvæmt hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og er hverjum skóla því ætlað að taka tillit til þarfa sérhvers barns í aðferðafræði og skipulagi. Til að koma til móts við sérþarfir barna af erlendum uppruna var á árinu samþykkt ný og metnaðarfull fjölmenningastefna Menntasviðs fyrir leikskóla. Markmið hennar er m.a. að bæta menntun og færni starfsfólks við að kenna íslensku sem viðbótartungumál og veita jafnt aðgengi að þjónustu og stuðningi við börn og foreldra.

Á árinu voru gefnir út upplýsingabæklingar á átta tungumálum um leikskólann og tvítyngi barna á leikskólastigi. Í þeim er fjöltyngdum fjölskyldum gefin góð ráð um hvernig efla megi málproska og málskilning og hvaða þýðingu leikskólanámið hefur fyrir tvítyngda barnið.



Í samræmi við fjölmenningarstefnu var ákveðið að auka fjármagn til leikskólanna á árinu 2007 vegna barna af erlendum uppruna. Unnið var að því að semja reglur um úthlutun fjármagns og miða þær við að börn sem dvalið hafa lengi erlendis fái notið stuðnings og íslenskukennslu í leikskólanum. Byrjað verður að úthluta eftir nýjum reglum á árinu 2007.

## Kannanir og þróunarverkefni

13 verkefni tengd leikskólastarfsemi fengu styrk úr þróunarsjóði á árinu. Þar af fengu 13 leikskólar styrki til 10 þróunarverkefna. Sjá 8. kafla, töflu 8.3.

## Foreldrakannanir

Á árinu voru gerðar foreldrakannanir í 11 leikskólum borgarinnar - í apríl/maí og október/nóvember. Þær sýndu m.a. fram á mikla ánægju foreldra með leikskólann almennt og að flestir foreldrar telja að barni sínu líði mjög eða frekar vel í leikskólanum.

## Samstarf kirkju og skóla

Í nóvember/desember var gerð könnun í leikskólum um samstarf kirkju og skóla. Meginmarkmið hennar var að athuga hvort samstarf væri á milli leikskóla og kirkju og þá hvernig því væri háttað. Könnunin var liður í stefnumörkun Menntasviðs en á árinu var settur af stað starfshópur sem falið var það verkefni að gera drög að stefnumörkun um samstarf kirkju og skóla.

## Stefnumótunarinna um yngstu börnin í leikskólanum

Í 10 ára sýn Reykjavíkurborgar í menntamállum, segir að leikskólinn sé fyrir öll börn frá eins árs aldri. Umsókn um leikskólavist fyrir börn yngri en 18 mánaða fer fjölgandi og sýnt er að ungum börnum muni fjölga í leikskólum borgarinnar á næstu árum. Til þess að greina möguleika leikskólanna til að takast á við þessa aukningu kallaði leikskólaskrifstofa saman rýnihópa með fulltrúum leikskólustjóra og leikskólakennara. Niðurstöðum, sem m.a. fólu í sér að æskileg hópastærð þriggja starfsmanna væri að hámarki 12 börn, var skilað til skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu og sviðsstjóra Leikskólaskrifstofu haustið 2006 og í framhaldinu settur á laggirnar starfshópur.

### Fjölgun skipulagsdaga

Í maí barst Menntasviði Reykjavíkurborgar bréf frá leikskólastjórum þar sem sett var fram ósk um að skipulagsdögum í leikskólum yrði fjölgað um tvo á ári. Að beiðni menntaráðs vann leikskólaskrifstofa greiningu á þörf fyrir fjölgun skipulagsdaga í leikskólum. Kallaðir voru til fulltrúar leikskólastjóra, leikskólakennara og foreldra til að taka þátt í rýnihópum og út frá þeim voru settar fram hugmyndir um framkvæmd við fjölgun skipulagsdaga.

### Raundvalartími í leikskólum

Að beiðni leikskólaráðs var gerð könnun á raundvalartíma barna í leikskólum og hann borinn saman við keyptan dvalartíma. Könnunin, sem gerð var í 9 leikskólum í öllum hverfum borgarinnar í október, sýndi að börn dvelja að meðaltali í 7,4 klst. daglega í leikskólanum en að greitt er fyrir að meðaltali 8,4 klst. daglega.

### Comenius

Fimm leikskólar í Reykjavík eru í evrópska skólasamstarfinu Comenius, en það hefur á undanförunum árum verið að eflast til muna í skólum borgarinnar. Comeniusar-verkefni, sem styrkt eru af Evrópusambandinu, ná til leik-, grunn- og framhaldsskóla. Samstarfið felst m.a í því að nokkrir leikskólar, víðs vegar um Evrópu, velja sér sameiginlegt verkefni og vinna að því innan ákveðins tímaramma. Samstarfið er í formi tölvusamskipta og kennaraskipta. Leikskólarnir sem taka þátt í Comeniusar-verkefnum eru Drafnarborg, Laugaborg, Lækjaborg, Mýri og Njálshöfðaborg.

### Samráð við leikskólastjóra

Samráð leikskólastjóra, sem í eiga sæti fulltrúar leikskólastjóra úr öllum hverfum borgarinnar, fundaði tvisvar í mánuði um faglegar áherslur, starfsmannamál, þróunarverkefni, símenntunarmál og fleira. Skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu leiddi 20 slíka samráðsfundi á árinu. Yfirmaður og starfsmenn leikskólaskrifstofu funduðu jafnframt mánaðarlega með öllum leikskólastjórum.

## Leikskólastjórafundir á árinu 2006

Mánuður	Fundarstaður	Fundarefni
Janúar	Íslensk Erfðagreining	Kynning á leiðtoganámskeiði fyrir leikskólastjóra. Rafrænt markaðstorg. Kjarasamningar Eflingar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Febrúar	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Starfsmanna-, rekstrar- og gagnamál.
Mars	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Kynning á ferð leikskólastjóra til Finnlands. Rannsókn á tengslum kirkju og skóla.
Maí	Þjóðminjasafnið	Starfsmannamál. Fyrirlestur um næringu barna.
Júní	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Vinna við starfsáætlun 2007.
Ágúst	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Stjórnkerfisbreytingar. Starfsmannamál.
September	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Starfsmannamál og símenntun starfsmanna. Staða í innritun í leikskóla. Innra eftirlit í leikskólaeldhúsum.
Október	Kennaraháskóli Íslands	Niðurstöður rannsóknar á raunverulegum ástæðum uppsagnar starfsmanna í leikskólum. Kynning á bók um viðbrögð við ofbeldi og vanrækslu barna. Breytingar á námi í K.H.Í.
Nóvember	Ingunnarskóli	Kynning á nýju Leikskólasviði. Kjarasamningar leikskólakennara. Sf- og endurmenntunarsjóðir Eflingar. Upplýsingatækniþjónusta kynnir stöðu vefmála fyrir leikskóla.
Desember	Ráðhús Reykjavíkur	Sameiginlegur fundur skólastjórnenda leik- og grunnskóla með dagskrá og móttöku í boði Menntasviðs.

### **Samráð um innritun í leikskóla**

Skrifstofustjóri og verkefnastjóri á leikskólaskrifstofu héldu þrjá fundi með innritunarfulltrúum á þjónustumiðstöðvum á árinu. Markmiðið með því samráði er að samræma verklag við innritun og miðla upplýsingum milli leikskólaskrifstofu og þjónustumiðstöðva um innritunarmál.

### **Samráðsfundir leikskólaskrifstofu og leikskólaráðgjafa**

Leikskólaskrifstofa hélt á árinu 10 fundi og einn starfsdag með leikskólaráðgjöfum á þjónustumiðstöðvum.



### **Dagforeldrar**

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Menntasvið veitir þeim starfsleyfi og fjárframlög og sinnir lögbundnu eftirliti samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytis nr. 907/2005.

### **Dagforeldrakannanir**

Á árinu var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra barna hjá dagforeldrum og sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um framkvæmdina. Í henni kom fram að mikill meirihluti foreldra, eða yfir 90% þeirra, er ánægður með þjónustu dagforeldra í Reykjavík. Könnunin leiddi einnig í ljós að meirihluti foreldra er þeirrar skoðunar að ekki hafi verið úr nógu mörgum dagforeldrum að velja þegar leitað var eftir dagvistun fyrir börnin. Um helmingur foreldra sagðist fremur kjósa að setja barn í leikskóla en til dagforeldris (50,7%).

Á árinu var einnig gerð könnun meðal dagforeldra í Reykjavík en í henni kom fram að þriðjungur þeirra hefur leitað til þjónustumiðstöðva í sínu hverfi til að fá ráðgjöf og stuðning í starfi. Mikill meirihluti dagforeldra var ánægður með þá ráðgjöf sem þeir fengu. Þriðjungur dagforeldra hafði fengið heimsókn frá ráðgjafa á liðnum vetri og yfirgnæfandi meirihluti var ánægður með heimsóknina.

### **Fræðslustarf**

Í febrúar var haldið 70 stunda grunnnámskeið fyrir nýja dagforeldra í samvinnu við Námsflokka Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar. Einnig var haldið slysavarnarnámskeið fyrir dagforeldra, en þátttaka í því er ein forsenda þess að daggæsluleyfi sé endurnýjað.

Starfshópur skipaður af sviðsstjóra þjónustu- og rekstrarsviðs skilaði í júní skýrslu um ráðgjöf og eftirlit vegna daggæslu í heimahúsum. Markmiðið með starfshópunum var annars vegar að efla samstarf og tengsl þjónustumiðstöðva við starfandi dagforeldra í Reykjavík og hins vegar að skerpa skilin milli ráðgjafar og eftirlits.

Fulltrúi leikskólaskrifstofu var í hópi 13 daggæslufulltrúa er fóru í náms- og kynnisferð til Kaupmannahafnar og Málmeyjar á haustdögum. Markmiðið var að fræðast um skipulag og úrræði í daggæslu barna í heimahúsum og miðla þeirri þekkingu heim.

## 6. STARFSEMI GRUNNSKÓLA

Mörg mikilvæg skref voru á árinu stigin í átt að framtíðarsýn um grunnskóla sem lýst hefur verið í starfsáætlunum undanfarin ár, s.s. að einstaklingsmiðuðu námi og skóla án aðgreiningar. Meðal annars var einn kunnasti hugmyndafræðingur um einstaklingsmiðað nám í heiminum í dag, bandaríska fræðikonan Carol Ann Tomlinson, aðalfyrirlesari á árlegri ráðstefnu reykvískra grunnskólakennara, *Skóli á nýrri öld* og þar var einnig fjallað með ýmsum hætti um sveigjanlega kennsluhætti í málstofum.

### Stefnumörkun og framkvæmd

Haustið 2005 kom út matstæki um einstaklingsmiðað nám sem átti að auðvelda grunnskólum að meta hversu langt þeir eru komnir í að skipuleggja sveigjanlega kennsluhætti og því er einnig ætlað að hvetja og örva umræðu meðal starfsmanna skólans. Á haustdögum 2005 hafði tækið þegar verið til umræðu í 25 skólum (71%) og haustið 2006 höfðu 30 skólar nýtt sér það til umræðna (um 90%).

Til að styrkja starfsmenn skólanna í þróuninni að einstaklingsmiðuðu námi voru einnar annar námskeið í boði fyrir kennara í 13 skólum til viðbótar við þá 16 sem voru með slík námskeið árið 2005.

Mikilvægur þáttur í skipulagi einstaklingsmiðaðs náms er gerð einstaklingsáætlana fyrir nemendur. Haustið 2006 sögðu skólustjórar 29 skóla (83%) að gerðar væru einstaklingsáætlanir í einhverjum greinum eða árgöngum, það er sami fjöldi skóla og árið áður. Flestir þeirra skóla sem gerðu einstaklingsáætlanir, eða um 78% (26 skólar á móti 28 skólum árið 2005), sögðu þær vera fyrir líttinn hluta nemenda eða innan við þriðjung. Þrír skólar sögðust gera slíkar einstaklingsáætlanir fyrir um 30%–60% nemenda (voru tveir árið áður) og aðrir þrír fyrir um 64%–100% nemenda.

Annar mikilvægur þáttur til að styrkja einstaklingsmiðað nám er að kennarar vinni saman í teyrum með sameiginlega ábyrgð á nemendahópum. Haustið 2006 sögðu skólustjórar 25 skóla (um 75%) að slíkt fyrirkomulag tókkaðist í skólanum, aðallega í yngri árgöngum. Skólustjórar fimm skóla sögðust ekki vera með teymisvinnu kennara og einn skóli var að undirbúa að koma henni á.

### Skóli án aðgreiningar

Stefna Reykjavíkurborgar um sérkennslu frá árinu 2001 hefur skóla án aðgreiningar sem leiðarljós. Það felur í sér að skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, jafnt fötluðum sem ófötluðum og að allir eigi kost á að sækja hverfissskóla sinn. Grundvallarhugmyndafræði skóla án aðgreiningar er að öll börn eigi að læra saman, hvað sem líður mun á þeim og hugsanlegum örðugleikum. Nám án aðgreiningar er talin virkasta leiðin til að treysta samstöðu meðal barna með sérþarfir og skólafélaga þeirra. Stefnan gerir þó ráð fyrir að um 1% nemenda stundi nám í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum og hafa foreldrar val um almennan skóla, sérskóla og sérhæfða sérdeild.

Úttekt var gerð á atferlivanda nemenda í grunnskólum í Reykjavík og niðurstöður kynntar í desember. Helstu niðurstöður sýndu að um 90% nemenda áttu ekki í neinum vanda með samskipti eða hegðun í skólanum. Vandí birtist með mismunandi hætti eftir skólum og var ólíkur í einstökum skólum frá einum tíma til annars. Viðhorf og vinnubrögð innan skóla virtust hafa áhrif á hegðunar- og samskiptavanda nemenda. Höfundar ályktuðu m.a. að þörf væri á að bæta þekkingu starfsmanna skólanna og að koma á hreyfanlegri sérfræðipjónustu sem gæti brugðist við með stuttum fyrirvara.

Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur skiptist í sérkennslu í almennum skólum, sérkennslu í sérskólum og sérdeildum. Í sérkennslu í almennum skólum fá nemendur stuðning í námsveri skólanna, einir eða í litlum hópum, en einnig er veittur stuðningur inni í almennum bekkjum. Kennir er samkvæmt einstaklingsnámskrá eða hópnaámskrá.

Þrír sérskólar eru starfandi í borginni: Safamýrarskóli fyrir fjölfatlaða nemendur, Öskjuhlíðaskóli fyrir þroskahamlaða nemendur og Brúarskóli fyrir nemendur í miklum geðrænum og félagslegum vanda. Nemendur sækja sérskóla ýmist tímabundið eða til lengri tíma. Sjá töflu 4.7. Fjöldi nemenda í sérskólum haustið 2006 bls. 34.

Nemendum sem liggja þurfa um tíma á sjúkrahúsi er gert kleift að halda áfram námi þrátt fyrir fjarveru úr skóla. Stjórn og fagleg umsjón með sjúkrahússkennslu á Landspítala-háskólasjúkrahúsi er í höndum Austurbæjarskóla. Nemendur koma af öllu landinu. Alls nutu 249 nemendur þessarar þjónustu á árinu og var heildarfjöldi kennsludaga 1.240. Brúarskóli sá um kennslu nemenda sem voru innlagðir á barna- og unglingageðdeild Landspítalans og þeirra nemenda sem voru í greiningu á Stuðlum vegna fíkniefnaneyslu.

**Tafla 6.1. Yfirlit yfir kennslu á sjúkrahúsum 1997–2006**

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Fjöldi nemenda	252	286	215	224	187	157	186	208	191	249
Heildarfjöldi kennsludaga	1,542	1,395	1,805	1,177	824	824	1,216	1,231	1,157	1,340
Fjöldi kennsludaga á nemanda	6.1	4.9	8.4	5.3	5.2	5.2	6.5	5.9	6.1	5.4

### **Sterk sjálfsmýnd nemenda, góð líðan og félagsfærni**

Haldið var áfram við að útbúa viðmið eða gátlista fyrir kennara í leik- og grunnskólum sem gerir þeim fært að meta félagsfærni barna og sjálfsmýnd. Slík viðmið nýtast sem grunnur í áætlunargerð, kennslu og þjálfun. Settur var á laggjarnar samstarfshópur sem fékk það verkefni að útbúa gátlista til að meta sjálfsmýnd nemenda og félagsfærni.

Unnið var að því að skýra boðleiðir og hlutverk ólíkra fagaðila í þjónustu við nemendur með atferlisvanda, m.a. í samstarfi við þjónustumiðstöðvar borgarinnar. Tæplega 80% grunnskóla eru með ráðgjafateymi vegna nemenda í vanda.

Málþing um nemendalýðræði við haldið laugardaginn 18. febrúar í tengslum við sýningu á starfi grunnskólanna í Ráðhúsi Reykjavíkur. Málþingið var undirbúið í samstarfi við nemendur í öllum hverfum borgarinnar. Var það vel sótt og vakti mikla athygli.

Menntasvið vann að því að fylgja eftir forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar frá 2005 í samvinnu við ýmsa aðila, s.s. Lýðheilsustöð. Um 70% grunnskóla eru með áfengis- og vímuvarnaráætlun.

### **Náin tengsl skóla og grenndarsamfélags**

Með grenndarsamfélagi skóla er annars vegar átt við landfræðilegt umhverfi skóla, þ.e. náttúru og manngert umhverfi og hins vegar félagslegt umhverfi, svo sem fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, félög, samtök og vinahópa. Grenndarsamfélag getur verið skólahverfið, borgarhlutinn eða öll Reykjavík. Umsjón með samstarfsverkefnum milli skóla og ýmissa aðila í grenndarsamfélaginu er hjá þjónustumiðstöðvum í hverju hverfi. Margir grunnskólar eru í fjölþættu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir í sínu hverfi, s.s. leikskóla, íþróttafélög, menningarmiðstöðvar og hjúkrunarheimili. Þá má nefna samstarfsverkefnið *Dagblöð í skólum* og umhverfisverkefni sem unnin eru í samstarfi við skógræktarfélag, Orkuveitu Reykjavíkur og skólagarðana. Teknar hafa verið saman upplýsingar um hin ýmsu grenndarverkefni þar sem skólarnir geta leitað hugmynda að áhugaverðum verkefnum.

Komið er til móts við bráðgera og fagsterka grunnskólanemendur með því að veita þeim kost á að ljúka framhaldsskólaáföngum sem vali. Stöðugt fleiri nemendur velja þennan kost og eru þeir flestir í tungumálum og stærðfræði. Vorið 2006 luku 325 nemendur í efstu bekkjum grunnskólans framhaldsskólaáfangana í valfagi, um haustið voru þeir 421.

**Tafla 6.2. Framhaldsskólaáfangar í grunnskóla voríð 2006**

Skóli	Framhaldsskóli	Áfangar voríð 2006	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	MH og FÁ	Stæ103, ísl103 og þýs103	28
Borgaskóli	BHS og VÍ	Stæ103, 203, ens103, 203, ísl203, málmsmíði og fél.og uppeldisfr103	16
Breiðholtsskóli	FB	Stæ102 og ens102	9
Engjaskóli	BHS	Stæ103, ens103, málmsmíði og fél.og uppeldisfr.	15
Fellaskóli	VÍ	Stæ103, ens103, dan103	6
Foldaskóli	BHS, FTS og MH	Stæ.,ens103, nor103, 203, sæn103, 203, málmsmíði og vélstj./sjóv.	31
Hagaskóli	MH	Ens. og dan.	7
Hamraskóli	BHS og FÁ	Stæ102, 103, ens103 og málmsmíði	23
Hlíðaskóli	FÁ og MH	Ens., dan.og sæn.	11
Hólabrekkuskóli	FB	Stæ102	10
Húsaskóli	BHS	Stæ103, ens103 og málmsmíði	28
Hvassaleitisskóli	FÁ og MH	Ens203 og sæn203	4
Klébergsskóli	BHS	Málmsmíði	8
Korpuskóli	BHS	Stæ103, ens103 og málmsmíði	10
Langholtsskóli	FÁ	Ens203, 303.	6
Rimaskóli	BHS	Stæ103, ens103, málmsmíði og fél.og uppeldisfr.	49
Seljaskóli	FB	Stæ102 og ens102	25
Víkurskóli	BHS	Stæ103, ens103 og málmsmíði	11
Vogaskóli	FÁ	Stæ102, 202, 122, ens103, 203, 303, dan103, nátt103, 113 og töl121	24
Ölduselsskóli	VMA	Þýs103 og bókfærsla	4
<b>Samtals:</b>			<b>325</b>

**Tafla 6.3. Framhaldsskólaáfangar í grunnskóla haustið 2006**

Skóli	Framhaldsskóli	Áfangar haustið 2006	Fjöldi nemenda
Austurbæjarskóli	MH og FÁ	Stæ. 103	30
Álftamýrarskóli	FÁ, FTS og VÍ	Nátt123, þýs103, dan103, ens103 og fra103	22
Borgaskóli	BHS, FTS og VÍ	Stæ103, ens103, málmsmíði, fél.-og uppeldisfr.103, véla- og siglingafr. og ísl103	20
Breiðholtsskóli	FB og FG	Stæ102, dan102, nátt102	39
Engjaskóli	BHS og VÍ	Ens103, fél.-og uppeldisfr.og málmsmíði	25
Fellaskóli	VÍ	Stæ103, ens103 og dans103	6
Foldaskóli	BHS, FTS og VMA	Stæ103, ens103, uppeldisfr102, málmsmíði, vélstj./sjóv.og franska	38
Hagaskóli	MH	Ens., dan., ísl., latína, spæ.og stæ.	15
Hamraskóli	FÁ og BHS	Stæ102, ens., málmsmíði	10
Háteigsskóli	VMA, MH, FÁ	Stæ., fran., nors., sæn.og dan	5
Hlíðaskóli	FÁ	Ens.og dan.	14
Hólabrekkuskóli	FB	Stæ102, ens102 og ísl102	18
Húsaskóli	BHS	Stæ103, ens103 og málmsmíði	11
Hvassaleitisskóli	FÁ og VÍ	Stæ102, 103, ens303, fran103 og spæ103	17
Ingunnarskóli	FÁ	Stæ.og ens.	4
Klébergsskóli	BHS	Málmsmíði	6
Korpuskóli	VÍ	Stæ., ens.og ísl.	6
Langholtsskóli	FÁ og VÍ	Stæ102, 103, ens103 og dan103	12
Réttarholtsskóli	VÍ	Stæ103, ens103 og dan103	10
Rimaskóli	BHS	Stæ103, ens103, málmsmíði og fél.-og uppeldisfr	57
Seljaskóli	FÁ	Stæ102, ens103, þýsk103, dan102 og bókfærsla103	16
Víkurskóli	BHS	Stæ103, ens103, málmsmíði og fél.-og uppeldisfr	15
Vogaskóli	FÁ	Stæ102, ens103, 203 og 303	11
Ölduselsskóli	VMA	Stæ102, ens103, fra103 og íþróttافر103	14
<b>Samtals:</b>			<b>421</b>



Hópur um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla starfaði á haustdögum og skilaði niðurstöðum sínum í upphafi árs 2007. Þar eru settar fram ýmsar tillögur um sveigjanleg skil leik- og grunnskóla annars vegar og grunn- og framhaldsskóla hins vegar.

### Sjálfstæðir skólar, styrk stjórnun og jafnræði í umgjörð

Skólastjórar grunnskóla hafa faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði til að skipuleggja skólastarfið innan ramma laga, reglugerða og stefnu Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á jafnræði í umgjörð með því að úthluta fjármagni í samræmi við reiknilíkan sem m.a. tekur mið af nemendafjölda. Í áætlanagerð Framkvæmdasviðs vegna nýbygginga og búnaðarkaupa er notast við samræmd viðmið og úttekt á húsnæði og skólalóðum sem unnin var á árunum 2003 og 2004.

Tafla 6.4. Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur 2006

	Fjöldi bekkjardeilda 2006	Áætlaður fjöldi bekkjardeilda 2007	Fjöldi almennra kennslustofa	Fjöldi sérgreinastofa	Stofur alls	Skóladagvist og sérkennsluherbergi	Par af fjöldi færani. stofa	Stærð varanlegs húsnæðis í fermetrum 2006 <sup>7)</sup>	Fjöldi m <sup>2</sup> á nemanda haust 2007	Áætluð þörf fyrir færani. stofur haust 2007	Áætlaður fjöldi færani. stofa sem losnar haustið 2007
Austurbæjarskóli	24	23	28	7	88	13	6	5,621	10.8		
Álftamýrarskóli	19	19	17	10	67	8	0	5,330	15 <sup>1)</sup>		
Árbæjarskóli	35	33	34	10	115	7	3	8,625	11.0		1
Ártúnsskóli	8	9	11	7	37	5	0	2,901	19.5		
Borgaskóli	19	19	22	9	73	6	7	4,344	13.3		2
Breiðagerðisskóli	19	21	16	12	67	13	0	5,026	14 <sup>2)</sup>		
Breiðholtsskóli	25	25	31	10	98	7	10	6,831	13.8		
Engjaskóli	17	17	22	9	69	6	0	4,967	15.1		
Fellaskóli	19	19	26	12	82	10	0	8,522	24.4		
Foldaskóli	24	23	32	11	92	5	0	7,482	15.7		
Fossvogsskóli	15	17	16	8	58	3	0	3,906	12.9		
Grandaskóli	14	16	20	5	59	6	1	4,157	13.6		
Hagaskóli	20	14	25	11	74	2	0	6,183	11.6		
Hamraskóli	17	17	20	9	61	7	1	4,422	14.3		
Háteigsskóli	20	20	20	10	69	3	0	4,177	10.3		
Hlíðaskóli	25	26	27	8	91	8	0	7,945	14.2		
Hólabrekukskóli	23	24	30	11	102	9	0	6,697	12.2		
Húsaskóli	19	19	23	7	68	4	2	4,172	12.5		1
Hvassaleitisskóli	12	12	18	7	52	4	0	4,254	18.0		
Ingunnarskóli	20	21	37	8	83	4	0	5,856	16.7	2	
Ingunnarskóli - Sæmundarsel	10	12	0	0	0	0	17	0	0 <sup>3)</sup>	4	
Klébergsskóli	10	10	8	7	36	3	0	2,575	15.3		
Korpuskóli	13	13	20	9	54	10	3	2,664	11.8	2	
Langholtsskóli	28	28	26	10	92	7	3	6,858	12.3		
Laugalækjarskóli	13	10	12	13	50	2	0	4,881	17.5		
Laugarnesskóli <sup>9)</sup>	18	21	23	8	74	8	0	5,265	13.5		
Melaskóli	27	31	30	11	97	9	3	5,383	9.2		
Norðlingaskóli	8	15	0	0	0	0	11	0	0 <sup>4)</sup>	4	
Réttarholtsskóli	13	9	13	8	44	12	0	5,075	14 <sup>5)</sup>		
Rimaskóli	35	35	32	9	112	12	11	7,583	11.3		
Seláskóli	15	17	18	10	62	3	1	4,516	15.0		
Seljaskóli <sup>9)</sup>	31	31	35	11	109	7	6	7,237	10.9		3
Vesturbæjarskóli	14	16	14	7	51	6	0	3,649	13.9		
Víkurskóli	15	16	17	10	56	3	0	4,229	16.3		
Vogaskóli <sup>9)</sup>	19	19	17	7	62	7	9	4,074	12.3		7
Ölduseiðsskóli	29	29	28	8	94	12	7	5,770	10.8		
<b>Samtals:</b>	<b>692</b>	<b>706</b>	<b>768</b>	<b>309</b>	<b>2498</b>	<b>231</b>	<b>101<sup>6)</sup></b>	<b>181,177</b>	<b>13.1</b>	<b>12<sup>8)</sup></b>	<b>14</b>

<sup>1)</sup> Leigu húsnæði fyrir skóladagvist er talið með Álftamýrarskóla.

<sup>2)</sup> Mosgerði 14A er talið með Breiðagerðisskóla.

<sup>3)</sup> Selíð er í færni kennslurými.

<sup>4)</sup> Norðlingaskóli er í færni kennslurými.

<sup>5)</sup> Bjarkarhlíð er talin með Réttarholtsskóla.

<sup>6)</sup> Færni kennslurými grunnskóla eru 7.372 m<sup>2</sup>.

<sup>7)</sup> Hér telst til allt rými nema lagnangar.

<sup>8)</sup> Að auki eru tvær færni stofur við Öskjuhlíðarskóla.

<sup>9)</sup> Í þessum skólum eru nýbyggðar eða í byggingu viðbyggingar sem teljast ekki til stofufjölda.

### Samstarf heimila og skóla

Til ráðgjafa um samstarf foreldra og grunnskóla bárust alls 101 mál á árinu 2006. Um helmingur þeirra krafðist íhlutunar og var unnið úr þeim í samstarfi við þá skóla sem í hlut áttu.

Í febrúar 2006 var gerð könnun á samstarfi foreldraráða og skólastjórnenda grunnskóla. Um 63% foreldraráðsmanna fannst samstarf við skólastjórnendur skila árangri og um 34% skólastjórnenda voru sama sinnis. Um 88% skólastjóra og foreldraráðsmanna funduðu 6 sinnum eða oftar á skólaárinu 2005–2006.

Áfram var haldið að efla starf foreldraráða á grundvelli niðurstaðna starfshóps sem skilaði tillögum sínum vorið 2006 um stöðir í skólastarfi. Tillögurnar voru unnar í samstarfi Menntasviðs, SAMFOKs og þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Þær voru kynntar í öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og hvatt til þess að þeim væri fylgt eftir í hverfinu. Samráðsfundir um starfsáætlun voru haldnir með foreldraráðum í öllum hverfum borgarinnar og formaður menntaráðs átti reglulega samráðsfundi með stjórn SAMFOKs.

### Kannanir og rannsóknir


Gerð var könnun á viðhorfi forráðamanna nemenda til grunnskóla í Reykjavík vorið 2006. Yfir 3.000 forráðamenn tóku þátt í könnuninni sem var gerð af gagnadeild Menntasviðs. Sérstök skýrsla var gerð fyrir hvern og einn grunnskóla.

Þrjár greiningar á störfum í grunnskólum voru gerðar á árinu. Greining á starfi stuðningsfulltrúa í grunnskólum, greining á starfi náms- og starfsráðgjafa var gerð í samvinnu við Guðbjörgu Vilhjálmstöttur lektor í H.Í. og greining á starfi proskapjálfa í grunnskólum var unnin með Proskapjálfafélagi Íslands.

Á árinu komu út skýrslur um sérkennslu í almennum grunnskólum og um líðan nemenda í 5.–7. bekk.

Lesskimunin *Læsi* var lögð fyrir 1.297 nemendur í 34 skólum í apríl 2006. Nemendur í 2. bekk taka þátt í henni. Markmið skimunarinnar er að kanna hve stór hluti nemenda getur lokið 65% prófsins sem er það viðmið sem sett er í samráði við höfunda prófsins. Meginniðurstaðan var sú að 839 nemendur eða tæplega 65% nemenda náðu settu viðmiði en árin 2002–2005 náðu 60–67% nemenda þessum árangri.

Mynd 6.1. Hlutfall nemenda í 2. bekk sem gat lesið sér til gagns 2002–2006



Stærðfræðiskimunin *Talnalykill* var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 19 grunnskólum í nóvember 2006. Markmið hennar er að finna þá nemendur sem eru líklegir til að lenda í vanda í stærðfræðinámi og bregðast við með einstaklingsáætlun og/eða sérkennslu. Hún var lögð fyrir 689 nemendur eða um 50% af öllum nemendum í 3. bekk í grunnskólum í Reykjavík. Samkvæmt niðurstöðum töldust 10% nemenda þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði.

### Samráð við skólastjóra grunnskóla

Náið samstarf er milli aðalskrifstofu Menntasviðs og skólastjóra grunnskóla undir stjórn skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu, næsta yfirmanns skólastjóranna. Í samráði skólastjóra og aðalskrifstofu Menntasviðs sitja oddvitar skólastjóra í borgarhlutum og formaður Skólastjórafélags Reykjavíkur. Alls voru haldnir 10 mánaðarlegir samstarfsfundir á árinu auk þess sem skrifstofustjóri sótti í febrúar fundi skólastjóra í öllum borgarhlutum.

Ráðið er vettvangur upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta um stefnumótun og framkvæmd í málum sem efst eru á baugi hverju sinni. Þar er einnig fjallað um efni skólastjórafundar, símenntunartilboð skólastjóra og samræmdar tímasetningar í skólafyrirbætur, s.s. skólaþyrjun og vetrarfrí.

Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri Hólabrekkuskóla var formaður Skólastjórafélagsins í upphafi skólaárs, en Óskar S. Einarsson, skólastjóri Fossvogsskóla tók við af henni á árinu. Fulltrúar félagsins tóku þátt í mörgum starfshópum á vegum menntaráðs á árinu, s.s. í úthlutunarnefnd styrkja til fræðslu- og þróunarverkefna, undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna *Skóli á nýrri öld 2007*, um samstarf við ÍTR um frístundaheimili, starfshópi um ytra mat, um viðbrögð við erfiðum samskipta- og hegðunarvanda nemenda. Þá voru fulltrúar skólastjóra í starfshópum um sveigjanlegan námstíma í grunnskóla, um endurskoðun á úthlutunarreglum vegna sérkennslu og skipulag og áherslur í ráðgjafajónustu við grunnskóla. Einnig áttu þeir fulltrúa í hópi um sérúrræði í Grafarvogi, í fagráði um skólamötu-neyti, í starfshópi um málþroska og læsi og um sjálfsmynd og félagsfærni nemenda.

### Skólastjórafundir á árinu 2006

Mánuður	Fundarstaður	Fundarefni
Janúar	Ingunnarskóli	Staða sérkennslu og starfssvið ábyrgðarmanns sérkennslu. Niðurstöður skimana. Úthlutun til nemenda af erlendum uppruna. Ferill einstaklingsmála.
Mars	Rimaskóli	Kynning á tveimur rannsóknnum: Hvernig eru skólastjórarnendur í grunnskólum Reykjavíkur í stakk búnir að innleiða skólastefnu fræðsluyfirvalda? Fagleg forysta um framkvæmd námskrár. Flutningur launadeildar. Kynning á Blackboard – nýju námskerfi.
Máí	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Lokafundur skólaársins. Horft um öxl til atburða skólaársins. Kynning á starfsemi Orkuveitunnar.
Júní	Fossvogsskóli	Netverk og skólabróun. Kynning frá námskeiði skólastjóra í Cambridge í apríl 2006. 10 ára sýn og stefnukort fyrir 2007/heildarstefnukort borgarinnar. Vinna að starfsáætlun 2007.
Ágúst	Húsaskóli	Horft fram á veginn í upphafi nýs skólaárs.
September	Vesturbæjarskóli	Vinna að starfsáætlun 2007, skref á árinu.
Nóvember	Aðalskrifstofa Menntasviðs	Drög að starfsáætlun til umræðu.
Nóvember	Laugarnesskóli	Samstarf grunnskóla og tónlistarskóla. Mötuneyti í grunnskólum. Mentor, staða verkefna.
Desember	Ráðhús Reykjavíkur	Sameiginlegur fundur skólastjórna leik- og grunnskóla með dagskrá og móttöku í boði Menntasviðs.

## 7. TÓNLISTARNÁM OG FÉLAGSLEG MENNTASTEFNA

Reykjavíkurborg rak á árinu fjórar skólahljómsveitir, einn tónlistarskóla og veitti reglubundin fjárframlög til 20 einkarekinna tónlistarskóla. Tveir tónlistarskólar sameinuðust á árinu, Tónlistarskólinn í Landakoti og Tónskólinn DoReMí undir nafni DoReMí.



### Skólahljómsveitir

Skólahljómsveitirnar fjórar starfa í Vesturbæ/Miðbæ, Austurbæ, Árbæ/Breiðholti og Grafarvogji. Meginmarkmið þeirra er að stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist, svo og til að hlusta og njóta tónlistar, en einnig að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms og efla félagsleg samskipti.

Í skólahljómsveitum er kennt í einkatímum eða hóptímum, samæfingar eru einu sinni til tvisvar í viku og kennsla í tónfræði. Allar sveitirnar eru deildarskiptar eftir getu og aldri nemenda. Talsvert er um að nemendur geti sótt hljóðfærátíma á skólatíma, en til þess þarf samþykki foreldra og skólastjórna.

Alls stunduðu 413 grunnskólanemar nám í skólahljómsveitum haustið 2006, starfsmenn voru 36 í rúmlega 19 stöðugildum, þar af 4 stjórnendur.

Á starfsárinu komu skólahljómsveitirnar í Reykjavík fram við fjölmörg tækifæri sem flest tengdust viðburðum í þeirra borgarhluta, m.a. á vor- og hausthátíðum grunnskólanna, vortónleikum skólahljómsveitanna, jólaskemmtunum og jólatónleikum. Þá héldu skólahljómsveitir í Reykjavík upp á hálfra aldar afmæli sitt á árinu með veglegum hátíðartónleikum í Háskólabíó. Af því tilefni var gefinn út bæklingur með sögulegu ágripi og dagskrá tónleikanna sem haldnir voru fyrir troðfullu húsi.

Stjórnendur skólahljómsveita fóru í apríl í náms- og kynnisferð til Boston ásamt fjármála- stjóra og tónlistarfulltrúa Menntasviðs. Þar heimsóttu þeir 5 skóla og fengu góða yfirsýn yfir fyrirkomulag, rekstur og faglega uppbyggingu tónlistarkennslu í grunnskólum. Athygli vakti hversu vel var búið að skólahljómsveitum hvað varðar hljóðfærakost og húsnæði, s.s. sérhannaðir hljómsveitarsalir og herbergi til æfinga fyrir nemendur.

Tvær skólahljómsveitir voru í samstarfi við tónlistarskóla á árinu. Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts starfaði með Tónlistarskóla Árbæjar og Skólahljómsveit Austurbæjar með Tónskóla Sigursveins og Tónmenntaskóla Reykjavíkur.

Í apríl var gefin út kynningarbæklingur um sveitirnar sem dreift var til allra grunnskólanemenda í 2., 3. og 4. bekk. Samræmt umsóknareyðublað fylgdi með og var jafnframt birt á vef Menntasviðs. Hljóðfærakynningar voru fyrir nemendur í nokkrum grunnskólum.

Árgjald í skólahljómsveitir var á árinu 15.000 kr. í grunnnámi og 30.000 kr. í miðnámi. Gjald fyrir hljóðfæraleygu var 5.200 kr.

## Tónlistarskólar

### Skólahljómsveit Vesturbæjar

Skóli	Fjöldi
Austurbæjarskóli	21
Breiðagerðisskóli	1
Breiðholtsskóli	1
Grandaskóli	10
Hagaskóli	12
Háteigsskóli	12
Hlíðaskóli	6
Ingunnarskóli	1
Melaskóli	41
Vesturbæjarskóli	22
Annað	5
<b>Samtals</b>	<b>132</b>

### Skólahljómsveit Austurbæjar

Skóli	Fjöldi
Álftamýrarskóli	3
Ártúnsskóli	1
Breiðagerðisskóli	26
Fossvogsskóli	6
Háteigsskóli	10
Hlíðaskóli	1
Hvassaleitisskóli	5
Langholtsskóli	13
Laugalækjarskóli	7
Laugarnesskóli	25
Réttarholtsskóli	3
Suðurlíðarskóli	2
Vogaskóli	10
Annað	1
<b>Samtals</b>	<b>113</b>

### Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts

Skóli	Fjöldi
Árbæjarskóli	4
Ártúnsskóli	3
Breiðholtsskóli	27
Fellaskóli	9
Fossvogsskóli	2
Hólabrekkuskóli	8
Selásskóli	3
Seljaskóli	10
Ölduselsskóli	16
Annað	3
<b>Samtals</b>	<b>85</b>

### Skólahljómsveit Grafarvogs

Skóli	Fjöldi
Borgaskóli	2
Engjaskóli	3
Foldaskóli	20
Hamraskóli	3
Húsaskóli	5
Ingunnarskóli	5
Korpuskóli	4
Rimaskóli	28
Víkurskóli	7
Annað	6
<b>Samtals</b>	<b>83</b>

### Heildarnemendafjöldi í skólahljómsveitum 413




Einn tónlistarskóli var alfarið rekinn af Reykjavíkurborg á árinu 2006, Tónlistarskólinn á Klébergi á Kjalarnesi. Alls hlutu 20 tónlistarskólar sem reknir eru af einkaaðilum fóst rekstrarframlög frá borginni. Þar af eru 16 tónlistarskólar með þjónustusamninga til ársins 2008, tveir til 2007 og einn til 2009. Fjárframlög borgarinnar til tónlistarskóla voru tæplega 710.530.268 m.kr. á árinu. Nemendur skólanna voru 3.669 og á öllum aldri. Þar af nutu 2.593 nemendur styrkja frá Reykjavíkurborg, en í þeirri tölu eru einnig reykvískir nemendur sem stunda nám í tónlistarskólum í öðrum sveitarfélögum. Nemendafjöldi var frá 56 nemendum í minnsta skólanum upp í um 638 nemendur í þeim stærsta. Tónlistarskólarnir sem eru með þjónustusamninga við Reykjavíkurborg starfa eftir aðalnámskrá sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu. Langflestir nemendur þeirra stunda grunnnám eða alls 2.216.

Breytingar voru gerðar á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla og voru þær samþykktar í menntaráði í júní og ágúst. Aldurshámark tónlistarnema var fellt út og nú þurfa tónlistarskólar ekki að skila fjárhagsáætlunum til Menntasviðs nema eftir þeim sé kallað.

Á vordögum voru í Gerðubergi haldnir tveir vinnufundir með skólustjórum tónlistarskóla og stjórnendum skólahljómsveita undir stjórn Huldu Dóru Styrmisdóttur. Tilgangur þeirra var að leggja grunn að stefnumótum fyrir tónlistarnám í Reykjavík. Þá gerði innri endurskoðun Reykjavíkurborgar stjórnsýsluúttekt á þeim tónlistarskólum sem borgin er með þjónustusamninga við á tímabilinu maí–september 2006.

**Mynd 7.1. Fjárframlag borgarinnar til tónlistaskóla**



## Fullorðinsfræðsla

Formleg stefnumótun um félagslega menntastefnu fór fram á árunum 2005–2006 og var samþykkt í borgarráði 8. júní 2006. Samkvæmt henni er það á ábyrgð Námsflokka að framfylgja markmiðum hennar í samvinnu við öll svið borgarinnar. Einnig skulu Námsflokkarnir kappkosta að vera í nánú samstarfi við aðra fræðsluaðila og leita eftir samstarfi við önnur sveitarfélög. Námsflokkarnir aðstoða borgarbúa við að efla þekkingu sína og færni. Þá er einkum átt við þann hóp sem minnsta formlega menntun hefur eða stendur höllum fæti af einhverjum ástæðum. Námsflokkarnir stuðla líka að umræðu um fullorðinsfræðslu innan borgarkerfisins og utan þess og hafa frumkvæði að því að skapa námsleiðir.



Um áramótin 2005–2006 voru ráðnir tveir náms- og starfsráðgjafar til Námsflokka, en þeir hafa aðsetur í þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Allir Reykvíkingar eldri en 16 ára geta fengið persónulega ráðgjöf endurgjaldslausu um námsleiðir, námsvanda, námstækni og annað er snertir óskir þeirra til náms. Ráðgjafarnir eru í nánú samstarfi við annað fagfólk þjónustumiðstöðvanna og aðstoða einnig nemendur Námsflokka við námstækni.

Námsflokkarnir hafa lengi boðið fullorðnum Reykvíkingum með lestrarvanda sérkennslu. Vandinn getur verið af margvíslegum toga og er hverjum og einum mætt á eigin forsendum. Kennsla fer fram í einkatímum.



Grunnnám er kennsluefni 8.–10. bekkjar grunnskóla ætlað fullorðnu fólki. Á árinu voru gerðar á því breytingar í átt að einstaklingsmiðun þannig að hver og einn geti unnið á sínum hraða. Námið er ekki bundið við annir heldur er hægt að hefja nám og útskrifast þegar hverjum og einum hentar. Auk fjögurra námsgreina er í boði kennsla í ýmis konar námstækni og nemendum er fylgt eftir með viðtölum ef þeir óska. Á árinu var unnið að því að setja kennsluefni í fjarkennsluumhverfið Blackboard til að auðvelda nemendum aðgengi að fjölbreytilegum námsgögnum og hvetja þá til að nota tölvur í náminu.

Á árinu greiddu Námsflokkarnir niður íslenskunám hjá 900 útlendingum samkvæmt þjónustusamningi við Mími-símenntun og tóku einnig þátt í þróunarstarfi um gerð náms-efnis í íslenskukennslu. Sumarskólinn var starfræktur í júlí í samvinnu við ÍTR, Vinnuskólann, Mími og Alþjóðahús. Rúmlega 200 innflytjendur á fullorðinsaldri sóttu þriggja vikna námskeið í íslensku og samfélagsfærni og var þeim jafnframt boðið upp á barnagæslu.

Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti rannsókn um starfsemi *Sumarskólans*. Helga Björnsdóttir mannfræðingur skrifaði skýrslu um rannsóknina og í kjölfarið var haldinn fjölmennur fundur um fyrirkomulag skólans og stofnaður starfshópur um hvernig mætti byggja hann upp.

Á haustmánuðum tók svokölluð *Kvennasmiðja* til starfa, en það er 18 mánaða skóli ætlaður einstæðum mæðrum sem hvorki stunda vinnu né skóla. Verkefnið eru unnið í samvinnu við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Tryggingarstofnun ríkisins. Sambærilegt verkefni fyrir ungt fólk í svipaðri aðstöðu var einnig unnið í samstarfi við Velferðarsvið. Unnið er að undirbúningi annarra námsleiða og úrræða fyrir ýmsa hópa í samvinnu við aðrar stofnanir Reykjavíkurborgar og fleiri aðila.

## 8. VERÐLAUN OG STYRKIR

Menntaráð Reykjavíkurborgar úthlutaði 16. febrúar styrkjum til fræðslu- og þróunarverkefna í leikskólum, grunnskólum og tónlistarskólum skólaárið 2006–2007. Alls var úthlutað um 70 milljónum króna til 80 verkefna og hafa leik- og grunnskólar í Reykjavík aldrei fengið jafn háa styrki til þróunarstarfs. Framlög til leikskóla margfölduðust frá fyrra ári og námu rúmlega 12 milljónum króna. Þá var í fyrsta sinn úthlutað styrkjum til tónlistarskóla, m.a. til hljóðafærakennslu í frístundaheimilum grunnskólanna. Að þessu sinni var við úthlutun lögð áhersla á verkefni sem tengjast samstarfi leik- og grunnskóla, kennslu bráðgerra barna, enskukennslu, fjölmenningu og íslenskukennslu fyrir nýbúabörn. Þannig hlutu fjórir leikskólar styrki til fjölmenningarverkefna, m.a. Lindarborg, Barónsborg og Njálshöfðungsborg sem standa saman að verkefninu *Að brúa bilið milli menningarheima*.

Tafla 8.1. Almennir styrkir menntaráðs 2006

Styrkþegi	Heiti verkefnis	Fjárhæð
Berta L. Faber	Verkræmi fyrir kennslu í Víkurskóla "International Primary Curriculum IPC".	150.000 kr.
Myndhöggvarafélagið í Reykjavík	Staðarvitund, sérkenni landa, samvinna 6 Evrópuþjóða.	1.163.000 kr.
Áki Árnason	Myndskreytt barnabók um barn sem á samkynhneigða foreldra og handbók fyrir leikskólakennara.	300.000 kr.
Heimili og skóli	Verkefni sem hefur það markmið að hvetja til umræðu um heimanám innan skólasamfélagsins, þ.e. meðal nemenda, foreldra og kennara.	250.000 kr.
Samfok, Heimili og skóli, Símenntun	Fræðslukvöld fyrir foreldra, þar sem t.d. tekið er á ýmsum málefnum sem snúa að uppeldi og menntun.	300.000 kr.
LAUF-Samtök áhugafólks um flogaveiki	Markmiðið er að upplýsa og fræða börn, kennara og starfsfólk skóla um flogaveiki, einkenni hennar og áhrif.	200.000 kr.
Vísindavefurinn	Til að efla áhuga barna á þekkingu og vísindum nútímans, kynna þeim Vísindavefinn.	500.000 kr.
Samtök áhugafólks um skólaþróun	Styrkur til að undirbúa stofnun samtaka um skólaþróun.	150.000 kr.
Guðrún Eiríksdóttir	Markmiðið er að búa til tölvuleik sem ætlaður er til að kenna yngstu kynslóðinni <i>Tákn með tali</i> .	700.000 kr.
Móðurmál	Markmiðið er að gefa tvítyngdum börnum tækifæri til að læra og viðhalda eigin móðurmáli og menningu.	700.000 kr.
KASA hópurinn	Styrkur til að verða tónlistarhópur Reykjavíkur og til að standa fyrir tónlistarflutningi í Ráðhúsinu og á leikskólum.	500.000 kr.
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutn.manna	Heimsókn slökkviliðsmanna í grunnskóla. Eldvarnarvika.	500.000 kr.
Ungmennafélag Íslands	Leikþættir fyrir börn á grunnskólaaldri sem fræða þá um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi.	400.000 kr.
Sigrún Grendal Magnúsdóttir / Jóna G. Ingólfssdóttir	Rannsókn á notkun <i>Tákn með tali</i> tjáskiptaaðferðinni í leikskólum. Skoða á notendahóp m.t.t. búsetu, aldurs, fötlunar, móðurmálsbakgrunns o.fl.	400.000 kr.
Jóhanna Einarsdóttir	Rannsókn á breytingum sem verða á lífi barna þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla.	600.000 kr.
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Vegna nemenda frá Fossvogsskóla sem tóku þátt í verkefninu <i>Listbúðir</i> .	1.000.000 kr.
Kennaraháskóli Íslands	Rannsókn sem miðar að því að kanna líkamsástand barna í 2. bekk í grunnskólum í Reykjavík.	600.000 kr.
Jóhanna Einarsdóttir	Þróun kennslumyndbands við að greina og mæla stam barna á leikskólaaldri.	300.000 kr.
Heimili og skóli	Endurprentun á bæklingi: SAFT netheiræði fyrir foreldra.	150.000 kr.
Junior Achievement á Íslandi	Verkefnið felst í útbreiðslu og innleiðingu þriggja námskeiða JAIUngra frumkvöðla fyrir 1. og 2. bekk og unglingsdeild grunnskóla.	400.000 kr.
<b>Þjónustusamningur í gildi</b>		
Kennaraháskóli Íslands	Til að semja og gefa út ritverkið <i>Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007</i> ritverk í tveimur bindum alls um 700 bls.	600.000 kr.
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Til að styrkja og efla myndlistarnám grunnskólanemenda í Reykjavík.	10.400.000 kr.
Samfok	Til að byggja upp tengsl foreldra og skóla.	4.900.000 kr.
Eymundur Matthíasson	Hljóðfærakynningar og námskeið í leikskólum Reykjavíkurborgar.	250.000 kr.
Börnin okkar, samtök foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík	Til að reka samtökin <i>Börnin okkar</i> árið 2006. Rekstur heimasíðu, fræðslufundur fyrir foreldrafélög leikskóla Reykjavíkur, aðalfundur o.fl.	300.000 kr.
Listahátíð í Reykjavík	Vegna listasmíðju í Viðey, samningur v. Listahátíðar (til þriggja ára).	900.000 kr.
<b>Afmæli</b>		
Tugafmæli skóla árið 2006	Veittar hafa verið 175.000 á grunnskóla og 80.000 á leikskóla. Áætlað fyrir árið.	1.000.000 kr.
Skáksveit Laugalækjarskóla	Vegna alþjóðlegs skákmóts í Búlgaríu í júní.	250.000 kr.
<b>Samtals:</b>		<b>27.863.000 kr.</b>



**Tafla 8.2. Úthlutanir úr Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur 2006**

Styrkþegi:	Heiti verkefnis:	Fjárhæð:
Austurbæjarskóli	Móðurskóli: Fjölmennningarlegur skóli	700.000 kr.
Álftamýrarskóli	Samkennta, aldursblöndun og fjölbreyttir kennsluhættir	300.000 kr.
Árbæjarskóli	Kennta náttúruvísinda í 8.-10. bekk, efling verklegrar kennslu	750.000 kr.
Ártúnsskóli	Áhrif sandleiks og sögugerðar á sjálfsmynd og lestrarargetu nemenda með frávik í lestrarfærni	350.000 kr.
Borgaskóli	Námsmat í ljósi einstaklingsmiðaðs náms og sveigjanlegs skólastarfs	400.000 kr.
Breiðholtsskóli	Einstaklingsbundin námsáætlun og verkmapa í íslensku fyrir 1.-5. bekk	300.000 kr.
Fellaskóli	Stuðningur við jákvæða hegðun í skóla (PBS)	250.000 kr.
Fellaskóli	Heilsuskóli	300.000 kr.
Fellaskóli	Nám og kennta nemenda af erlendum uppruna, einkum í yngstu bekkjum grunnskólans	750.000 kr.
Fellaskóli	Betra Breiðholt - tækifæri í nýju ljósi	300.000 kr.
Fossvogsskóli	Útikennsla	233.400 kr.
Fossvogsskóli	Tungumálakennsla yngri barna	500.000 kr.
Grandaskóli	Vefbanki Valla	250.000 kr.
Hamraskóli	Jákvæð hegðun í Hamraskóla	250.000 kr.
Háskólinn í Reykjavík	Stærðfræði er skemmtileg	1.500.000 kr.
Háteigsskóli	Móðurskóli: Leiklist gefur ótal námsmöguleika	600.000 kr.
Háteigsskóli	Verkhringurinn	365.000 kr.
Háteigsskóli	Miðlun kennslu í íslensku sem öðru tungumáli til grunnskólabarna með megináherslu á kennslufræði	300.000 kr.
Hlíðaskóli	Móðurskóli listgreina	600.000 kr.
Hólabrekkuskóli	Bráðger börn í hugkvæmni og handverki	800.000 kr.
Ingunnarskóli og Norðlingaskóli	Móðurskólar í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs námsmats	1.350.000 kr.
Ingunnarskóli	Þróun námsvæða í Ingunnarskóla	250.000 kr.
Íslenskuskólinn á Netinu	Stoðnám á neti í íslensku fyrir nemendur sem búið hafa erlendis í lengri tíma	600.000 kr.
Korpuskóli	Teymiskennsla í Korpuskóla	650.000 kr.
Langholtsskóli	Námsmat í sveigjanlegu skólastarfi	400.000 kr.
Laugalækjarskóli	Breytt skipulag á námi og kennslu í unglingaskóla með áherslu á forystu kennara og sjálfstæði, einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda	500.000 kr.
Myndveríð	Stuttmyndagerð í skólum. Gerð heimilda- og stuttmynda í skólastarfi	250.000 kr.
Réttarholtsskóli	Einstaklingsmiðað gagnvirkt nám	400.000 kr.
Rimaskóli	Vísindadagur Rimaskóla	350.000 kr.
Seljaskóli	Heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun, PBS	250.000 kr.
Stefmennt	Tónmenntavefurinn	500.000 kr.
Vesturbæjarskóli	Montessori og einstaklingsmiðað nám - samstarfsverkefni við Öskjuhlíðarskóla	700.000 kr.
Vesturbæjarskóli	Móðurskóli: Drengir og grunnskólinn	900.000 kr.
Víkurskóli	Einstaklingsmiðað námsmat	500.000 kr.
Víkurskóli	Einstaklingsmiðuð skólabyrjun. Samstarfsverkefni leik- og grunnskóla	1.000.000 kr.
Vogaskóli	Móðurskóli: Nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðsla	900.000 kr.
Öskjuhlíðarskóli	Fjárskólinn	350.000 kr.
Öskjuhlíðarskóli	Einstök verkefni í verkgreinum	250.000 kr.
Ýmsir skólar	Olweus - áætlun gegn einelti	3.500.000 kr.
<b>Samtals:</b>		<b>23.398.400 kr.</b>

**Tafla 8.3. Úthlutanir úr Þróunarsjóði leikskóla Reykjavíkur 2006**

Leikskólar		
Elfa Lilja Gísladóttir	Hring eftir Hring - námsefni í tónlist og hreyfingu fyrir elstu börn leikskóla	600.000 kr.
Fellaborg	Mannauður í margbreytileika	1.200.000 kr.
Garðaborg	Tónlistarheimur leikskólabarna	200.000 kr.
Hulduheimar	Fram, fram, fylking (samvinna grunnskóla og leikskóla)	700.000 kr.
Ingibjörg Hafstað	Bætt samskipti - betri leikskóli	1.200.000 kr.
Jörfi	Lífsleikni í leikskólanum Jörfa	550.000 kr.
Kennaraháskóli Íslands	Efling - samræður og samvinna um fjölbreyttan barnahóp	900.000 kr.
Lindarborg, Barónsborg og Njálsholt	Að brúa bilið milli menningarheima	1.500.000 kr.
Reynisholt	Líf og leikni	1.000.000 kr.
Rofaborg, Árborg og Árbæjarskóli	Að vera öllum hnútum kunnugur - samstarfsverkefni	700.000 kr.
Sjónarhóll	Gagnavinnsla	250.000 kr.
Sólborg	Verkefni sem byggir á því að kenna börnum á leikskólaaldri ensku	350.000 kr.
Sóhlíó	Gaman saman, Samfélagið okkar. Samstarf við hjúkrunarheimilið Droplaugarstaði	350.000 kr.
<b>Samtals:</b>		<b>9.500.000 kr.</b>

**Tafla 8.4. Úthlutanir úr Þróunarsjóði tónlistarskóla Reykjavíkur 2006**

Skólahljómsveit Austurbæjar	Kammersveit með þátttöku grunnskólanemenda	710.000 kr.
Sigrún Valgerður Gestsdóttir	Tilraun til notkunar langspils í forskólakennslu	350.000 kr.
